






*Við pössum upp á peningana þína – rétt eins og þeir væru okkar.*
100% fjármagnsvernd – örugg ávöxtun.
SPARNAÐUR
Bayern Líf.
VERSICHERUNGSKAMMER BAYERN
Finanzgruppe
Holtasmári 1 Kópavogur | Kaupvangsstræti 1 Akureyri | Sími: 577 2025 www.sparnadur.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. september 2009 — 206. tölublað — 9. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

**ÞRIÐJUDAGUR**

### Hljóðfærakennslan inn í grunnskólana

Tónlistarskóli Reykjanesbæjar er tíu ára og býður nemendum í kaffisamsæti í dag.



TÍMAMÓT 16

### Meðan fjöldinn sefur

„Það er undarlegt virðingarleysi við þjóðina að hvetja til lagabrota „vegna aðstæðna“ til að afla sér velvildar og vinsælda,“ skrifar Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 14

### Hellisbúi í happabuxum

Jóhannes Haukur á atvinnuleyndarmál.



FÓLK 26



### Vonlítið hjá Þrótti

Þróttur gerði jafntefli við FH í Pepsi-deild karla og á veika von um að halda sæti sínu í deildinni.

ÍÞRÓTTIR 19

**VEÐRIÐ Í DAG**




**LITLAR BREYTINGAR** í dag verða norðaustan 3-10 m/s, hægast á Suðurlandi. Lítils háttar væta á norðurhelmingi landsins en þurrt syðra og bjart með köflum suðvestanlands. Hiti 5-14 stig.

VEÐUR 4

# Sviku sig inn í Vítisenglana

## Tugmilljónasvik út úr Íbúðalánasjóði eru talin hafa verið síðasta prófraunin sem vélhjólaklúbburinn Fáfnir þurfti að standast til að fá aðild að alþjóðasamtökum Hells Angels. Ríkislögreglustjóri vill banna klúbbinn.

**LÖGREGLUMÁL** Vélhjólaklúbburinn Fáfnir hefur verið lagður niður og hefur hlotið formlega stöðu sem stuðningsklúbbur Vítisengla. Hann hefur nú tekið upp nafn Vítisenglanna, eða Hells Angels.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins innan úr lögreglunni er talið að tugmilljónasvik nokkurra ungra manna út úr Íbúðalánasjóði og tveimur hlutafélögum fyrr í sumar hafi verið lokaprófið sem samtökin alþjóðlegu lögðu fyrir Fáfnisliða áður en þeim var veitt aðild.

Fjórir menn um tvítugt, sem allir tengjast Fáfni, sátu um skeið í gæsluvarðhaldi vegna svikanna, sem voru afar flókin. Fimmti maðurinn var síðan handtekinn á dögunum, grunaður um að hafa stýrt fjórmenningunum. Sá er eldri bróðir eins þeirra og einnig tengdur Fáfni.

Það er alþekkt að Vítisenglar láti umsækjendur sanna sig með því að fremja afbrot af þessu tagi. Féð sem svikið var út nam ríflega fimmtíu milljónum króna og er ófundið. Ljóst þykir að ungu mennirnir hafi frá upphafi átt von á því að þurfa að sitja inni fyrir glæpinn.

Fáfnisliðar sóttu nýverið fund Vítisengla í Englandi og sneru aftur þaðan sem aðilar að samtökunum. Í tilkynningu frá Ríkislögreglustjóra er fullyrt að Fáfnir muni að óbreyttu geta sótt um fulla aðild að Vítisenglunum á seinni hluta næsta árs.

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri segir lögreglu líta málið alvarlegum augum í ljósi þess að fyrir liggur að Vítisenglar eru skilgreindir sem skipulögð glæpasamtök. Full ástæða sé til að huga að breytingum á lögum í þá veru að öll starfsemi slíkra samtaka verði gerð ólögleg.

Stýrihópur um skipulagða glæpastarfsemi, sem starfað hefur frá árinu 2004, kom saman í gær vegna fréttanna af Fáfni. Í kjölfarið fundaði formaður hópsins með embættismönnum úr dómsmálaráðuneytinu um möguleikann á því að setja slík lög.

„Hells Angels snúast fyrst og fremst um afbrot og gróða af ólöglegri starfsemi og hafa valdið miklli óáran og skelfingu í Danmörku og víðar á Norðurlöndunum,“ segir Haraldur.

„Skilaboðin eru mjög skýr frá lögreglunni í landinu: hún mun gera allt sem hún getur, í samstarfi við toll og aðra aðila hérlendis og erlendis, til þess að reyna að koma í veg fyrir það að skipulögð glæpastarfsemi nái fótfestu í íslensku samfélagi og fái að blómstra þar óáreitt.“ **- sh**



**MIKIÐ FJÖR** Árlegt karnival í hverfinu Notting Hill í London var haldið í gær. Karnivalið hefur verið haldið frá árinu 1959 en til þess var stofnað af innflytjendum frá eyjunum í Karíbahafinu. Milljónir ferðamanna gera sér nú orðið ferð í hverfið til að fylgjast með fjörinu. NORDICPHOTOS/AFP

Menntamálaráðherra í klípu:

# Verður að velja á milli sýninga

**FÓLK** Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra mun standa frammi fyrir erfiðu vali á öðrum degi jóla en þann dag stendur mikið til í íslensku menningarlífi.

Tvær íslenskar bíómyndir verða frumsýndar: Mamma Gógó eftir Friðrik Þór Friðriksson og Bjarnfreðarson í leikstjórn Ragnars Bragasonar. Þá mun Þjóðleikhúsið frumsýna Gerplu Halldórs Laxness en þar situr Baltasar Kormákur í leikstjórasætinu. „Ég ætla að velja á milli ef þetta verður allt á sama tíma,“ segir Katrín.



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Fimmtán íslenskar kvikmyndir eru nú annaðhvort í tökum eða eftirvinnslu.

Hingað til hefur hefð verið fyrir því að frumsýna ekki íslenskar kvikmyndir á sama degi.

**- fgg /** **sjá síðu 26**

Tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur hefur fjölgað mjög á þessu ári:

# Versnandi kjör barna í kreppu

**FÉLAGSMÁL** „Það má leiða líkur að því að þetta tengist því efnahagshruni sem varð hér,“ segir Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur. Tilkynningum til stofnunarinnar fjölgaði um 25 prósent fyrstu sex mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra.

Alls bárust 2.262 tilkynningar fyrstu sex mánuði ársins, en á sama tíma í fyrra höfðu 1.805 tilkynningar borist.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir að kjör barna hafi versnað og það komi fram í þessum tölum. „Það má líka vel vera að þetta endurspegli aukna samfélagslega vitund meðal almennings og fagfólks,“ segir Bragi. **- þeb /** **sjá síðu 4**

muundu eftir mjólkinni!
Muu



Hummus
Framleiðandi:
í einum grænum
Frábær ídýfa með stökku grænmeti, einnig ljúffengt á brauð og kex.




Eftirlæti
Ný bragðtegund
Sælkerakaffi og súkkulaðiflögur



**SPURNING DAGSINS**



*Pálmi, verða menn ekki bara blautir allan tímann í svona ferð?*

„Ef vel gengur verða menn að minnsta kosti rakir.“

Stöð 2 stefnir að því að sýna íslenska útgáfu af þáttunum Wipeout, þar sem fólk buslar sig í gegnum þrautabraut í Argentínu, og ætlar að fljúga um 120 manns þangað suður eftir. Pálmi Guðmundsson er sjónvarpsstjóri Stöðvar 2.

Sonur fórnarlambs metinn 25 prósenta öryrki af að hafa horft á ofbeldið:

# Nauðgari krafinn um milljónatugi

**DÓMSMÁL** Eitt fórnarlamba nauðgarans Jóns Péturssonar hefur krafið hann um rúmlega tuttugu milljónir í skaðabætur fyrir hönd ólögráða sonar síns. Bótakrafan er til komin vegna andlegs skaða sem pilturinn varð fyrir þegar hann horfði upp á ofbeldi Jóns gegn móður hans. Pilturinn er metinn með 25 prósenta örorku vegna þess andlega áfalls sem hann varð fyrir.

Jón hefur í tvígang hlotið fimm ára fangelsi fyrir hrottafengið ofbeldi gegn þremur konum. Fyrst hlaut hann dóm í október 2006 fyrir ofbeldi gegn tveimur konum. Annarri þeirra misþyrmdi hann í tvígang, sló hana margsinnis og sparkaði í hana og ruddist síðar inn í íbúð hennar, barði hana og dró hana um á hárinu að syni hennar sjáandi. Þá var hann einnig dæmdur fyrir að halda fyrrverandi unnustu sinni fanginni í átta tíma, misþyrma henni hrottalega og nauðga henni í þrígang.



JÓN PÉTURSSON

Seinni dóminn hlaut hann fyrir að halda þáverandi sambýliskonu sinni nauðugri í íbúð þeirra í hátt í sólarhring, berja hana stöðugt, nauðga henni og ógna og lemja með eggvopnum.

Ein kvennanna hefur nú, sem áður segir, krafið Jón um nálega 25 milljónir í bætur fyrir hönd sonar síns, sem varð vitni að einni ofbeldislotunni, þá aðeins tólf ára. Málið var endurflutt í gær vegna tafa á uppkvaðningu dóms. **- sh**

Ákært fyrir húsbrot og árás:

# Réðst inn með kúbein að vopni

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært hálffertugan mann fyrir húsbrot og sérstaklega hættulega líkamsárás. Maðurinn ruddist inn á heimili fólks í Vesturbæ Reykjavíkur í maí í fyrra vopnaður kúbeini.

Manninum er gefið að sök að hafa reitt kúbeinið til höggs og síðan tekist á um kúbeinið við konu sem á heimilinu bjó, með þeim afleiðingum að konan meiddist talsvert. Þá slasaði hann einnig manninn á heimilinu þegar sá reyndi að koma konunni til hjálpar.

Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. **- sh**

Guðjón Arnar Kristjánsson:

# Mun rannsaka fiskveiðilöggjöf

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Jón Bjarnason, hefur ráðið Guðjón Arnar Kristjánsson, fyrrverandi alþingismann, til sérstakra verkefna í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Guðjón Arnar mun einkum sinna verkefnum er snúa að undirbúningi breytinga á fiskveiðilöggjöfinni sem ráðherra hyggst leggja fram á haustþingi.



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að Guðjón Arnar hafi yfirgripsmikla þekkingu á íslenskum sjávarútvegi og telur ráðherra því sérstakan feng fyrir ráðuneytið að fá að njóta starfskrafta hans. **- shá**

Samtök atvinnulífsins:

# Sex starfshópar vegna ESB

**EVRÓPUMÁL Samtök atvinnulífsins hafa ákveðið að skipa sex starfshópa til að fjalla um málefni atvinnulífsins vegna aðildarumsóknar Íslands að ESB. Aðildarfélög SA munu fjalla um afstöðuna til ESB innan eigin raða út frá hagsmunum sinna atvinnugreina en starfshópum SA er ætlað að fjalla um málið út frá tilteknum atriðum sem snerta atvinnulífið sem heild.**

**Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, og Róbert Trausti Árnason, verkefnastjóri Evrópumála hjá SA, munu hafa yfirumsjón með störfum hópanna og veita þeim liðsinni eftir þörfum. - shá**

# Deild fyrir einhverf börn stofnuð í haust

**Skólakerfið tekur ekki nægjanlegt tillit til ólíkrar getu og þroska barna, segir Margrét Pála Ólafsdóttir. Hjallastefnan opnar sérdeild fyrir einhverf börn árið 2010. „Frábærar fréttir,“ segir framkvæmdastjóri Umsjónarfélags einhverfra.**

**MENNTAMÁL** Stofnuð verður sérdeild fyrir einhverf börn í einum af grunnskólum Hjallastefnunnar á hausti komanda. Deildin er hugsuð sem vísir að umfangsmeiri úrræðum fyrir börn með þroskaraskanir á vegum Hjallastefnuskólanna.

Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, segir að til þessa hafi ríkt sú trú að blöndun, eða samskipan barna með ólíkar þarfir, sé eina rétta leiðin. „Við erum að andæfa þeirri hugmynd. Við teljum að sérstakar deildir sem taki einvörðungu á stöðu einhverfra barna og geri þeim kleift að fara inn í samstarf með öðrum nemendum séu það sem koma skal.“

Að mati Margrétar Pálu tekur skólakerfið ekki nægilegt tillit til þarfa þessa hóps barna, þrátt fyrir að kennarar hafi svo sannarlega reynt sitt besta.



MARGRÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR

Margrét Pála segir að á undanförnum árum hafi greiningum á einhverfurófi og dæmigerðri einhverfu fjölgað svo undrum sæti. „Kerfið hefur hins vegar ekki haft við. Við einkaaðilarnir getum hins vegar oft hlaupið hraðar en stóru kerfin.“

Hin nýja deild verður stofnuð við einhvern þriggja grunnskóla Hjallastefnunnar. Í upphafi verður deildin fyrir sjö til tíu börn og hvert þeirra fær sinn eigin kennara. Margrét Pála segir að fjölmörg einhverf börn hafi verið í leikskólum Hjallastefnunnar og þess vegna sé mikil uppsöfnuð þekking hjá starfsfólki sem mun nýtast til fullnustu. Nú er hafin leit að stuðningsaðilum, bæði faglegum og fjárhagslegum.

„Við trúum því staðfastlega að fjölmargir vilji leggja okkur lið og ég auglýsi hér með eftir því. Það er líka von mín að við verðum ekki ein um þetta heldur muni fleiri bjóða upp á sértæk úrræði fyrir þá sem þurfa sértækan stuðning á tilteknu æviskeiði.“

Margrét Pála segir sérdeild sem þessa útheimta mikið fjármagn. Leitað hefur verið til eins sveitarfélags um stuðning en fleirum verið kynnt hugmyndin.

Sigrún Birgisdóttir, framkvæmdastjóri Umsjónarfélags einhverfra, segir að stofnun sérdeildar innan Hjallastefnunnar sé frábær frétt og verði góð viðbót við þær sérdeildir fyrir einhverfa sem fyrir starfa í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Innan hvers árgangs sé talið að einn af hverjum 150 einstaklingum sé með fötlun á einhverfurófinu. „Þörfin fyrir nýja sérdeild eins og þessa er vissulega mikil,“ segir Sigrún. **svavar@frettabladid.is**



**Í SKÓLANUM** Hjallastefnan rekur tíu leikskóla og þrjá grunnskóla. Nemendur eru 1.130 og starfsmenn 249. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar með beinum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**VIÐ ÞINGFESTINGU** Mennirnir sem mættu í gær neita báðir sök.

Barðastrandarmál tekið fyrir:

# Grunaðir ræningjar neita sök

**DÓMSMÁL Tveir menn sem grunaðir eru um að hafa komið að ráni á Barðaströnd á Seltjarnarnesi fyrr á árinu neita báðir að hafa ætlað að ræna úrsmiðinn sem þar bjó. Fyrirtaka var í málinu í gær þar sem sakborningum gafst færi á að taka afstöðu til sakarefnisins. Tveir af fjórum mættu.**

**Annar þeirra játar að hafa farið inn í húsið til að stela, en hann hafi ekki ætlað að fremja rán. Hinn neitar alfarið sök, en hann er talinn hafa skipulagt ránið. Hálfáttræður úrsmiður var bundinn með límbandi og honum hótað.**

**Einn grunaðra ræningja af Barðaströnd kom við sögu lögreglu um helgina eftir að hafa gengið í skrokk á sautján ára pilti í Breiðholti. - sh**

## DÓMSTÓLAR

### Framvísaði skilríkjum annars

Ríkissaksóknari hefur ákært mann á þrítugsaldri fyrir að hafa í tvígang ekið ólöglega, í annað skiptið of hratt og í bæði skiptin sviptur ökurétti. Þá er hann ákærður fyrir ranga skýrslugjöf og skjalafals, en hann framvísaði skilríkjum annars manns í bæði skiptin.

## ATVINNUMÁL

### Uppsagnir í Borgarnesi

Tvö fyrirtæki í byggingariðnaði sögðu alls upp 23 starfsmönnum í Borgarnesi í gær. Þetta eru fyrirtækin Borgarverk, sem sagði upp þrettán starfsmönnum og BM Vallá sem sendi tíu starfsmönnum uppsagnarbréf.






Ný skoðanakönnun Capacent sýnir miklar fórnir launafólks eftir hrunið í október:

# Þriðjungur er með skert laun

**VINNUMARKAÐUR** Ríflega þriðjungur, eða 35 prósent þeirra sem eru í launaðri vinnu, hefur orðið fyrir því að laun eða starfshlutfall hefur verið skert frá hruni bankanna í október. Þetta kemur fram í skoðanakönnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Alþýðusamband Íslands í júní. Flestir eða rúmlega átján prósent hafa lent í launalækkun, hjá níu prósentum hefur vinnutími verið styttur og átta prósent hafa orðið fyrir annarskonar skerðingu. Þetta er mikil aukning frá því í desember 2008 þegar 21 prósent launafólks hafði orðið fyrir í slíkri skerðingu.

Mun fleiri karlar en konur hafa lent í skerðingu launa og/eða starfshlutfalls og þá vekur athygli að fjórutíu prósent iðnaðarmanna hafa orðið fyrir því að laun hafa verið lækkuð eða vinnutími styttur. Þá hafa þeir sem eru með laun yfir 550 þúsund á mánuði frekar lent í launalækkun en þeir sem hafa lægri laun. **- shá**



**IÐNAÐARMENN** Tæplega helmingur allra iðnaðarmanna hefur orðið fyrir launaskerðingu frá hruninu eða vinnutími þeirra verið styttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# PUNG FRELSI




## Ódýr nettenging sem kemur þér í gott samband



Nýtt!

**Pungfrelsi** er hefðbundin nettenging sem hentar vel ef þú notar netið að mestu fyrir tölvupóstinn og til að vafra um netið. 3G internet er hægt að nota í stað ADSL sambands.

**Fylltu á punginn fyrir 1.490 kr.**
Allt að 5 Mb/s hraði og 2 GB innifalin eða 5 GB fyrir aðeins 2.490 kr.
Áfyllingin gildir í 30 daga!



**3G pungurinn** er USB módem sem tengir fartölvuna þína við netið. Þú getur unnið á fartölvuna heima eða tekið hana með þér hvert sem þú ferð innanlands.

**Verð 9.900 kr.**

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

DAGUR & STEINI

## GENGIÐ 31.08.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,3 | 125,9 |
| Sterlingspund | 203,01 | 203,99 |
| Evra | 178,94 | 179,94 |
| Dönsk króna | 24,038 | 24,178 |
| Norsk króna | 20,799 | 20,921 |
| Sænsk króna | 17,521 | 17,623 |
| Japanskt jen | 1,3454 | 1,3532 |
| SDR | 195,57 | 196,73 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
232,1682

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON** Hafnar ásökunum um fjárdrátt.

Frjálslyndir íhuga kæru:

# Saka Ólaf F. um fjárdrátt

**STJÓRNMÁL Frjálslyndi flokkurinn íhugar nú að kæra Ólaf F. Magnússon borgarfulltrúa fyrir fjárdrátt. Formaður flokksins, Guðjón Arnar Kristjánsson, segir að Ólafur hafi látið greiða lögbundinn styrk borgarinnar til stjórnmálaflokka inn á eigin reikning í stað Frjálslynda flokksins, eins og tíðkast hafði. Greiðslurnar geta numið allt að þremur milljónum króna á ári.**

**Ólafur, sem klauf sig úr Frjálslynda flokknum fyrr á árinu, hafnar ásökununum. Hann segir greiðslurnar hafa runnið inn á reikning borgaramálafélags F-listans. Hann hafi ekki viljað að féð rynni til flokks sem hann kæmi borgarstjórnarflokknum ekki lengur við, og því viljað halda sjálfur utan um fjármunina.** - sh

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Málning á hús Weldings**

Blárri blöðru með rauðri málningu var hent á heimili Lárusar Welding, fyrrum bankastjóra Glitnis, í Blönduhlíð á föstudagskvöldið. Samkvæmt heimildum fréttastofu Vísis var Lárus með gleðskap á heimili sínu þegar atvikið átti sér stað og olli uppákoman nokkru fjaðrafoki á meðal veislugesta.

Viðræðum ríkis og lífeyrissjóðanna um verklegar framkvæmdir átti að ljúka í dag:

# Aðgerðir á ís vegna Icesave

**EFNAHAGSMÁL** Hugsanleg aðkoma lífeyrissjóðanna að verklegum framkvæmdum er að mestu órædd og með öllu óákveðin.

Annir starfsfólks fjármálaráðuneytisins vegna Icesave-málsins ráða þar mestu um en mikið álag var á ráðuneytisfólki við meðferð Alþingis á málinu.

Í stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar, sveitarfélaganna og aðila vinnumarkaðarins frá í sumar var stefnt að því að viðræðum ríkisstjórnarinnar og lífeyrissjóðanna þar um yrði lokið í dag, 1. september.

Málið hefur rætt á einum sameiginlegum fundi viðræðunefndar stjórnvalda og aðgerðahóps lífeyrissjóðanna og á nokkrum fundum hvors hóps um sig.



**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR** Samgöngumiðstöð er meðal verkefna sem hugsanlegt er að lífeyrissjóðirnir fjármagni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að málið verði skoðað á næstu vikum. Mikilvægt sé að koma hlutunum af stað.

„Við höfum ekki enn skoðað tiltekin verkefni og viljum að starfshópur stjórnvalda leggi fram hugmyndir og tillögur sem við svo tökum afstöðu til,“ segir Arnar.

Meðal verkefna sem nefnd hafa verið sem álitleg fyrir lífeyrissjóðina að fjármagna eru uppbygging á Landspítalalóðinni, samgöngumiðstöð við Reykjavíkurflugvöll, Vaðlaheiðargöng og Búðarhálsvirkjun. - bþs

Sagði sprengju vera í tösku:

# Unglingur játaði sprengjugabb

**LÖGREGLUMÁL** Piltur sem tilkynnti um sprengju í tösku fyrir utan 10-11 verslun við Laugarima í Grafarvogi á ellefta tímanum á sunnudag var handtekinn í fyrrakvöld.

Starfsmaður hafði þegar samband við lögreglu, sem sendi lið á vettvang á nokkrum lögreglubílum. Þar var samankominn hópur unglinga og kviknaði strax grunur um gabb, sem leiddi til þess að sextán ára piltur var handtekinn. Játaði hann að hafa hringt inn hótunina, og lagt til tvær töskur, sem stóðu utan við húsið. Önnur var merkt: sprengja.

Málið er því upplýst en þung refsing liggur við svona athæfi.

# Barnaverndarmálum fjölgar um fimmtung

**Tilkynnt var um 17 prósentum fleiri börn til Barnaverndar Reykjavíkur fyrstu sex mánuði ársins en á sama tíma í fyrra. Tilkynningum í heild fjölgaði um fjórðung. Mest er fjölgunin í Reykjavík en er þó talsverð um landið allt.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur fjölgaði um 25 prósent fyrstu sex mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra. Fjölda barna sem var tilkynnt um fjölgaði um sautján prósent.

Barnavernd Reykjavíkur bárust 2.262 tilkynningar á fyrstu sex mánuðum ársins, en á sama tíma í fyrra höfðu 1.805 tilkynningar borist. Fjöldi barna sem tilkynnt var um var 1.301, en var 1.114 í fyrra.

„Það má leiða líkur að því að þetta tengist því efnahagshruni sem varð hér,“ segir Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur. Hún segir þó að einnig hafi orðið vitundarvakning í barnaverndarmálum og það sé líklega hluti af skýringunni. Frá árinu 2000 hafi verið stöðug fjölgun tilkynninga.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, tekur í sama streng. „Annars vegar hafa aðstæður og kjör barna versnað og það kemur fram í þessum fjölda. Það má líka vel vera að þetta endurspegli aukna samfélagslega vitund meðal almennings og fagfólks. Svo getur verið að báðar skýringarnar eigi við,“ segir Bragi.

Að sögn Braga er aukningin langmest í Reykjavík, en þó er aukningin talsverð víðast hvar. Hann segir eðlilegt að fjölgunin komi fyrst fram í höfuðborginni, félagsleg samsetning borgarinnar sé slík.

„Tilkynningum frá skólum fjölgaði á fyrstu mánuðum ársins og það bendir til þess að það sé ákveðin vanlíðan merkjanleg hjá krökkunum,“ segir Halldóra. Verulega dró úr tilkynningum til Barnaverndar eftir að skólastarfi lauk í vor. „Það er meira félagslegt taumhald þegar skólarnir starfa,“ segir Bragi. Hann segist telja líklegt að tilkynningum fjölgi aftur þegar skólarnir fari á fullt.



**BÖRN AÐ LEIK** Tilkynningum frá skólum fjölgaði á fyrstu mánuðum ársins borið saman við árin á undan. Myndin tengist ekki efni greinarinnar beint. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Þessi þróun er bæði neikvæð, því hún getur falið í sér að það séu fleiri börn í vanda, en hún er líka jákvæð því þetta gefur vísbendingu um styrk samfélagsins. Að íslenskt samfélag sé meðvitað um þarfir barna og það að þau eru núna í mjög viðkvæmri stöðu, og menn láta sig varða um það. Það er ánægjulegt og jákvætt.“

thorunn@frettabladid.is



**KRINGLAN** 99 þjófnaðir voru kærðir til lögreglunnar á fyrri hluta ársins.

Lögreglumál í Kringlunni:

# 455 vísað á dyr fyrri hluta árs

**VERSLUN Fyrstu sex mánuði ársins var 455 manns vísað úr verslunarmiðstöðinni Kringlunni, meðal annars fyrir að vera undir áhrifum áfengis og fíkniefna.**

**Frá þessu er greint í Fréttabréfi Kringlunnar.**

**Þá kemur fram að á sama tímabili voru 138 þjófnaðarmál tilkynnt til öryggisgæslu Kringlunnar og voru 99 þeirra kærð til lögreglu.**

**Ekki var hægt að eiga við hin málin 39, meðal annars vegna skorts á sönnunum.** - bþs

Brött þrátt fyrir kosningatap:

# Merkel segist enn vongóð

**ÞÝSKALAND, AP** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, segist enn gera sér vonir um að mynda hægristjórn með Frjálslyndum demókrötum eftir þingkosningar, sem haldnar verða 27. september.

Þetta segir hún þrátt fyrir að flokkur hennar, Kristilegir demókratar, hafi komið illa út úr kosningum í þremur af sextán sambandslöndum Þýskalands, sem haldnar voru um helgina.

Merkel vill heldur mynda hægristjórn en að halda áfram stjórnarsamstarfi við Sósíaldemókrata, sem enst hefur í heilt kjörtímabil. - gb


# MÁLVERKAUPPBOÐ

**SUNNUDAGINN 6. SEPTEMBER KL. 20:30**

**Getum ennþá bætt við nokkrum verkum.**

**Lægri sölulaun – Örugg þjónusta**



Gallerí BORG

**Skipholti 35**

105 Reykjavík. sími 511 7010
Gsm: 847-1600
petur@galleriborg.is

**Fyrir fjársterka aðila leitum við að módelmyndum eftir Gunnlaug Blöndal, verkum eftir Louisu Matthíasdóttur og góðum Kjarvalsmyndum.**

**Vinsamlegast hafið samband sem fyrst í síma 511 7010 eða 847 1600**


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** Veðurfræðingur

**RÓLEGT FYRIR KORTUNUM**

Veðrið í dag verður svipað því sem var í gær, nema þó þannig að það dregur verulega úr úrkomumagninu sem fellur norðan og austan en í gær var mesta úrkoman á Vopnafirði, 5,5 mm. Suðvestan til ætti að geta orðið ágætlega bjart í dag en síðan eru horfur á vætu þar um slóðir á morgun. Lítill vindur er í kortunum næstu daga.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Amsterdam | 21° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 33° |
| Billund | 22° |
| Eindhoven | 19° |
| Frankfurt | 28° |
| Friedrichshafen | 30° |
| Gautaborg | 24° |
| Kaupmannahöfn | 24° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 22° |
| New York | 25° |
| Orlando | 32° |
| Osló | 20° |
| París | 24° |
| Róm | 31° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


Söngvaseiður
GAURAGANGUR
GÓÐIR ÍSLENDINGAR
DJÚPIÐ
RAUTT BRENNUR FYRIR
FAUST
Jesús litli
DÚFURNAR
Harry og Heimir
FJÖLSKYLDAN
(ágúst í Osage-sýslu)
Heima er best
Skoppa og Skrítla
Bláa gullið
Skelltu þér í áskrift
Kynntu þér nýtt og spennandi leikár
Áskriftarkort Borgarleikhússins:
4 sýningar að eigin vali á aðeins 8.900 kr.
Tryggðu þér áskriftarkort strax.
Sama verð og í fyrra!
Námsmenn fá áskriftarkort á 4.450 kr.
Miðasala er hafin:
568 8000 | www.borgarleikhus.is | Listabraut 3
Borgarleikhúsið

**KJÖRKASSINN**



*Kemur til greina að þú farir í „greiðsluverkfall“?*

| | |
|---|---|
| Já | 35,3% |
| Nei | 64,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á meirihluti í HS Orku að vera í opinberri eigu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

„Átti bara að vera blossi og svo búið,“ sagði maður sem þvertók fyrir að hafa kveikt í húsi og hætt mannslífi:

# Tveir dæmdir fyrir brennu á Kleppsvegi

**DÓMSMÁL** Tveir menn, Jón Kristinn Ásgeirsson og Ríkharð Júlíus Ríkharðsson, voru í gær dæmdir í fangelsi fyrir að kveikja í húsi við Kleppsveg í júní og stofna þannig lífi manns í hættu.

Ríkharð hlaut tveggja ára dóm, en Jón Kristinn, sem einnig var dæmdur fyrir að aka á mann og örkumla hann, hlaut þriggja og hálfs árs dóm. Þriðji maðurinn, Karl Halldór Hafsteinsson, var sýknaður.

Mennirnir höfðu setið að sumbli og neyslu á skemmtistaðnum Goldfinger, sem er í eigu föður Jóns Kristins, þegar þeir ákváðu að taka hús á íbúanum við Kleppsveg. Ástæðurnar voru tvær: Ríkharður vildi tala af festu við húsráðanda vegna þess að sá hefði hótað fjölskyldu hans, en Jón Kristinn vildi fá upplýsingar um mann í Keflavík sem hafði mælt styggðaryrði í garð föður hans og forystumanns í vélhjólaklúbbnum Fáfni.

Eftir að þeir komu á staðinn kviknaði fljótlega eldur sem breiddist hratt um húsið og náði húsráðandi með naumindum að forða sér. Enginn þremenninganna viðurkenndi hins vegar að hafa kveikt eldinn og vísuðu mennirnir hver á annan.

Út frá framburði vitna og bensínleifum sem fundust á skóm Jóns Kristins og Ríkharðs eru þeir fundnir sekir. Þá er einnig byggt á orðum Ríkharðs við yfirheyrslur hjá lögreglu, þar sem hann sagði: „Eins og ég hugsaði þetta átti þetta bara að vera blossi og svo búið.“ Ekki þóttu nægar sannanir fyrir því að Karl hefði átt mikinn þátt í brennunni og var hann því sýknaður. **- sh**

### SENDI KALDLYND SKILABOÐ EFTIR SLYSIÐ

Jón Kristinn var einnig dæmdur fyrir að aka Hummer-bifreið föður síns á mann á gatnamótum Laugavegar og Vegamótastígs – á fíkniefnum, án ökuréttinda, of hratt og með of marga farþega í bílnum. Í dómnum segir að höfuðáverki þess sem ekið var á hafi verið „gríðarlegur og mun hann verða að búa við vitræna skerðingu og algera örorku ævilangt“.

Þá segir í dómnum: „Það athæfi ákærða að flýja af slysstað eftir að hafa ekið á [X] telst stórkostlega ámælisvert. Þá þykja símboð frá honum fyrst eftir slysið bera vott um kaldlyndi og skeytingarleysi, en hann áleit þá að banaslys hefði orðið.“ Hann flúði af vettvangi og var handtekinn nokkrum klukkustundum síðar. Jón Kristinn er dæmdur til að greiða fórnarlambinu tvær milljónir króna í bætur og er sviptur ökurétti ævilangt.



**LAUGARÁSVÍDEÓ** Gríðarlega mörg verðmæt myndbönd brunnu í eldsvoðanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Eldsvoði enn í rannsókn:

## Enginn í haldi vegna brunans

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla hefur enn ekki handtekið neinn vegna brunans í Laugarásvídeó við Kleppsveg aðfaranótt sunnudags. Að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar yfirlögregluþjóns er málið enn í rannsókn og er meðal annars verið að fara yfir upptökur úr öryggismyndavél.

Á öryggismyndavélinni má sjá mann með derhúfu og tagl aka að leigunni á hvítum jepplingi og henda einhverju inn um bréfalúguna.

Talið er að tjónið nemi hundruðum milljóna króna. Um 40 þúsund kvikmyndir brunnu. Fjölmargir búa í húsinu en allir sluppu með skrekkinn. **- sh**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Sex stútar teknir

Sex ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur í umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um helgina, að því er segir í tilkynningu frá lögreglu. Einn var stöðvaður á laugardag og fimm á sunnudag. Tveir þessara ökumanna höfðu þegar verið sviptir ökuleyfi.

### Fimm í lyfjaakstri

Þá stöðvaði lögregla för fimm ökumanna undir áhrifum fíkniefna. Einn þeirra var jafnframt með fíkniefni í fórum sínum. Fjórir þessara ökumanna reyndust enn fremur vera próflausir.

# OR gekk að tilboði Magma í HS Orku

**Stjórnvöld vilja kaupa meirihluta í HS Orku. Geysir Green Energy á um 55 prósenta hlut en opinberir aðilar hafa ekki rætt við félagið um kaup á hlut þeirra. Ríkið, lífeyrissjóðir og sveitarfélög skoða kaup á meirihluta í HS Orku.**

**ORKA** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti í gær að ganga að tilboði kanadíska orkufyrirtækisins Magma Energy um kaup á þriðjungshlut í HS Orku. Stjórnvöld ætla að freista þess að kaupa meirihluta hlutafjár í fyrirtækinu til að tryggja opinbera eigu þess, en hafa ekki rætt við eigandann Geysi Green Energy.

Samningurinn var samþykktur með fjórum atkvæðum meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í stjórn Orkuveitunnar gegn tveimur atkvæðum Samfylkingar og Vinstri grænna. Minnihlutinn gagnrýnir harðlega hvernig staðið var að sölunni. Lítill tími hafi verið gefinn til að kynna samninginn og að aðeins verði greitt fyrir 30 prósent í reiðufé. Einnig að greiðsla 70 prósenta af tólf milljarða kaupverði komi ekki fyrr en að sjö árum liðnum. Þorleifur Gunnlaugsson, fulltrúi Vinstri grænna, segir í bókun sinni að salan ryðji brautina fyrir einkavæðingu alls einkageirans.

Fundað var í fjármálaráðuneytinu í gærmorgun vegna tilboðs Magma Energy. Var þar látið reyna á hvort innlendir aðilar myndu bjóða í hlutinn. Ekki varð af því og sendi fjármálaráðuneytið og viðskiptaráðuneytið frá sér sameiginlega fréttatilkynningu þess efnis að viðræðuhópur yrði settur á fót til að kanna forsendur þess að ganga til samninga við núverandi eigendur fyrirtækisins um kaup á meirihluta í félaginu. Hópurinn verður skipaður af ríkinu, lífeyrissjóðunum, Grindavíkurbæ og öðrum sem hafa komið að hugsanlegum kaupum á hlutum í HS Orku. Geysir Green Energy á nú 55 prósenta hlut í HS Orku.



**UMDEILD AUÐLIND** Niðurstaða viðræðna á vegum stjórnvalda um möguleg kaup á meirihluta hlutafjár í HS Orku á að liggja fyrir á næstu vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eyjólfur Árni Rafnsson, stjórnarformaður GGE, segir að fyrirtækið muni koma að viðræðum um sölu á hlut fyrirtækisins með opnum huga. Hins vegar hafi ekki verið leitað til stjórnar fyrirtækisins um hugsanleg kaup opinberra aðila.

Í fréttatilkynningu ráðuneytanna segir að stjórnvöld leggi áherslu á aðkomu sterkra eigenda að HS Orku svo fyrirtækið geti áfram gegnt mikilvægu samfélagslegu hlutverki.

Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka lífeyrissjóða, segir að lífeyrissjóðirnir séu tilbúnir til að skoða kaup á hlut í HS Orku. „Þetta kemur til greina sem fjárfestingarkostur af okkar hálfu, en lengra er málið ekki komið.“

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði í fréttum RÚV í gærkvöldi að til greina kæmi að leita til almennings um kaupin á meirihluta í HS Orku.

**svavar@frettabladid.is**

Leigubílstjórarán í Danmörku:

## Læstu bílstjóra ofan í farangursgeymslu

**KAUPMANNAHÖFN Lögreglan í Valby í Kaupmannahöfn var furðu lostin þegar hún brást við tilkynningu um hávaða úr farangursgeymslu leigubíls sem lagt hafði verið í stæði þar í bænum í fyrradag.**

**Þegar lögregluþjónar opnuðu farangursgeymsluna steig leigubílstjórinn út frelsinu feginn en tveir menn höfðu skömmu áður rænt hann, ógnað honum með hnífi og neytt hann ofan í farangursgeymsluna. Eftir ránið óku mennirnir um í dágóða stund með fórnarlamb sitt í farangursgeymslunni en skildu bílinn að lokum eftir á bílastæði og höfðu sig á brott. Lögregla leitar þeirra en hefur ekki haft erindi sem erfiði enn sem komið er.** **- asg**

Vopnafjörður:

## Skipuðu út 3.700 tonnum

**SJÁVARÚTVEGUR** Mikil umsvif voru á Vopnafirði nýlega þegar sama daginn var skipað út tæplega 3.700 tonnum af sjávarafurðum á vegum HB Granda. Þrjú erlend flutningaskip komu þá til hafnar og lestuðu frystar síldarafurðir, fiskmjöl og lýsi. Þá voru Faxi RE og Ingunn AK í höfninni með síldarafla á sama tíma og flutningaskipin voru þar á ferðinni.

Samkvæmt upplýsingum frá Garðari Svavarssyni, sölustjóra fiskmjöls og -lýsis hjá HB Granda, var alls skipað út 1.100 tonnum af fiskmjöli og um 2.000 tonnum af lýsi. Verðmæti mjöl- og lýsisútflutningsins í júlí og ágúst nemur alls um 1.500 milljónum króna og segir Garðar að sala afurðanna hafi gengið mjög vel nú í sumar. **- shá**


**Óska eftir að kaupa Íslenskt-enskt námskeið**

Óska eftir að kaupa **enskt-Íslenskt Linguaphone** námskeið. Útgefið á **1976/77 eða 1988.** Hafir þú glatað möppuni og segulbandsspólunum kemur það eki að sök vegna þess að mig bráðvantar aðeins aðal kennslubókina en utan á henni stendur Íslenskt enskt Linguaphone námskeið. Eigir þú námskeiðið borga ég glaður **40. 000 kr.** fyrir bókina.

**Björgvin Ómar Ólafsson. Sími 865 7013**

Auglýsingasími 512 50 50




– Mest lesið


Skorað á forseta Íslands að synja lagafrumvarpi um Icesave staðfestingar:

# Tók við 10.000 undirskriftum

**MÓTMÆLI** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, tók á móti fulltrúum söfnunarinnar kjosa.is í gær. Veitti hann undirskriftalista móttöku þar sem um tíu þúsund Íslendingar hafa skrifað undir áskorun til forsetans að synja lagafrumvarpi um Icesave-samningana staðfestingar. Söfnunin bar heitið „Í okkar hendur“ og vilja forsvarsmenn að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um málið, sem væri niðurstaðan verði forsetinn við ósk hópsins.

Ólafur Ragnar fundaði með ábyrgðarmönnum undirskriftarlistanna í um tuttugu mínútur á Bessastöðum en gaf fjölmiðlum ekki tækifæri á viðtali.

Hópur fólks safnaðist saman fyrir framan Bessastaði á meðan fundurinn stóð. **- shá**



**Á BESSASTÖÐUM** Hjörtur Hjartarson, talsmaður kjosa.is, afhenti Ólafi Ragnari Grímssyni forseta undirskriftalistann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


true nýjar vörur
true
Bolur
st. S-XXL
5.999kr
true
Síð peysa m/bandi
st. S-XXL
9.999kr
Kjóll
St. S-L
4.999kr
true
Kjóll
st. S-XXL
6.999kr
true
Hlírabolur
st. S-XXL
2.299kr
true
Wrap peysa
st. S/M, L/XL
8.999kr
true
Leggins síðar
st. S-XL
1.999kr
true
Sítt vesti hneppt
st. S-XXL
5.999kr
true
Kjóll
st. S-XXL
5.999kr
true
Buxur
st. 10-20,-
4.999kr
true
Leggings síðar
st. S-XXL
3.999kr
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hve margir hvalir hafa veiðst á yfirstandandi hvalavertíð?*

2 *Hver er forseti borgarstjórnar Reykjavíkur?*

3 *Hver stýrir Þrautakóngi á Stöð 2 í vetur?*

**SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26**

Hernaðarstefna Bandaríkjanna og NATO í Afganistan hefur ekki reynst vel:

# Breytt stefna óhjákvæmileg

**AFGANISTAN, AP** Bandaríski herforinginn Stanley McChrystal, sem er yfirmaður herafla Bandaríkjanna og NATO í Afganistan, segir að sú stefna sem erlenda herliðið þar hafi fylgt gangi ekki upp.

Ástandið sé alvarlegt og nú þurfi að breyta um stefnu ef takast eigi að stilla til friðar í landinu. Ofbeldi og átök hafa aukist mjög síðustu mánuði og dauðsföllum fjölgað.

McChrystal sendi í gær skýrslu sína um ástandið í landinu til varnarmálaráðuneytisins í Washington, rúmum tveimur mánuðum eftir að hann tók við sem yfirmaður heraflans. Hann hafði frestað að birta matsskýrslu sína þar til eftir forsetakosningar í Afganistan, sem haldnar voru 20. ágúst.

Sprengjuárásir urðu tveimur bandarískum hermönnum að bana í gær, og er þá tala látinna bandarískra hermanna nú í ágústmánuði komin upp í 47. Frá upphafi stríðsins hafa ekki fleiri bandarískir hermenn fallið í Afganistan í einum mánuði.

McChrystal fer í þessari skýrslu ekki fram á að bandarískum hermönnum í Írak verði fjölgað, en mun ætla að gera það á öðrum vettvangi. Hann segir að þótt ástandið sé alvarlegt nú sé ekki útilokað að ná árangri ef breytt verði um stefnu. - gb



**STANLEY MCCHRYSTAL** Yfirmaður herafla Bandaríkjanna og NATO í Afganistan segir stefnubreytingu nauðsynlega. NORDICPHOTOS/AFP

Slæm umgengni á Álftanesi:

# Hassreykingar á leikskólalóð

**FÉLAGSMÁL** Heimatilbúin hasspípa fannst í síðustu viku á lóð náttúruleikskólans Krakkakots á Álftanesi. Starfsfólk á Krakkakoti hefur sent íbúum ákall um nágrannavörslu og bætta umgengni.

„Nýlega voru stórir veggir á skólanum úðaðir í veggjakroti sem ógerningur er að ná af. Einnig hafa starfsmenn skólans þurft ítrekað að hreinsa lóðina af hundaskít áður en börnin geta farið út á lóðina að leika sér. Okkur finnst líka mjög miður að eftir síðustu helgi þá fannst hér á lóðinni heimatilbúin hasspípa úr hálfslítra gosflösku,“ segir í ákallinu. - gar



**BAN KI-MOON** Viðurkennir að starfið sé erfitt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Framkvæmdastjóri SÞ:

# Vísar gagnrýni frá Juul á bug

**NOREGUR, AP Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, vísaði á bug gagnrýni um að hann væri vanhæfur í starfi.**

**Mona Juul, fastafulltrúi Noregs hjá Sameinuðu þjóðunum, sagði nýverið að hann skorti bæði leiðtogahæfileika og persónutöfra, í bréfi sem lekið var í norska fjölmiðla.**

**„Sjálfur viðurkenni ég að stundum er það ekki góð tilfinning að fá á sig gagnrýni,“ sagði Ban, sem kom í heimsókn til Noregs í gær. Starfið væri hins vegar erfitt því taka þyrfti tillit til fólks hvaðanæva að úr heiminum sem hefði ólíkan bakgrunn.** - gb

# Þeir sem fóru mjög geyst í góðærinu fái líka aðstoð

**Viðskiptaráðherra segir að eflaust komi til verulegra afskrifta. Eflaust finnist einhverjum það ósanngjarnt þegar þeir sem skuldsettu sig um of fái aðstoð. Bönkum kunni að koma vel að umbreyta erlendum lánum.**

**EFNAHAGSMÁL** Talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa talað fyrir sértækum aðgerðum frekar en almennri niðurfellingu skulda heimilanna.

Viðskiptaráðherra var spurður hvort ekki mætti óttast reiði meðal almennings þegar afskrifað yrði hjá einum en ekki hinum.

Hann segir ekki hægt að finna reglu sem öllum líki við.

„En það ætti að vera hægt að finna viðmið sem eru eðlileg og viðunandi fyrir flesta. Það verður auðvitað þannig að einhverjir fá afskrifað sem fólki finnst kannski óverðskuldað, einhverjir sem fóru mjög geyst í uppsveiflunni. Það verður bara að hafa það; ef menn geta ekki greitt er ekki hægt að gera neitt annað en að afskrifa eitthvað af því.“

Ráðherra segir að eflaust finnist einhverjum ósanngjarnt að slíkt fólk fái aðstoð.

„En það er ekki hægt að stinga höfðinu í sandinn með það að sumir, því miður allt of margir, skulda meira en nokkur von er til að þeir endurgreiði.“

Hann minnir þó á að tveir þriðju heimila ráði við sínar skuldir.

> Einhverjir fá afskrifað sem fólki finnst kannski óverðskuldað, einhverjir sem fóru mjög geyst í uppsveiflunni. Það verður bara að hafa það.
>
> **GYLFI MAGNÚSSON**
> VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Hann endurtekur orð félagsmálaráðherra hér í blaðinu um að horft verði bæði til veðsetningar og greiðslugetu. Gylfi vill þó ekki slá neinu fram um hvernig fyrirkomulagið verði nákvæmlega.

Hins vegar geti, burtséð frá þessu, verið eðlilegt að bankarnir taki sérstaklega á erlendum lánum.

„Þeim fylgir gengisáhætta fyrir bankann ekki síður en lánveitandann. Það getur verið akkur í því fyrir bæði lánveitanda og skuldara að þeim sé breytt í íslenskar krónur,“ segir Gylfi.

Af húsnæðislánum almennt verði „ábyggilega verulegar afskriftir“.

klemens@frettabladid.is



**NIÐURRIF** Frægt varð þegar íbúi á Álftanesi braut hús til að vekja athygli á vanda sínum. Sá hafði skuldsett sig þannig að húsið var selt ofan af honum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**GYLFI MAGNÚSSON** Segir að það verði að hafa það þótt fólki mislíki að afskrifaðar verði skuldir hjá fólki sem fór allt of geyst í lántöku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






Kirkjuráð reynir að lagfæra þinglýsingaóreiðu:

# Eignarhald á kirkjum í ólestri

**KIRKJUMÁL** Þinglýsingar á eignarhaldi kirkna og hlunnindum þeirra eru í miklum ólestri. Kirkjuráð hyggst nú freista þess að koma skikki á þessa hluti.

Í bréfi Kirkjuráðs til aðila sem tengst geta umsýslu slíkra mála segir að eigendaskráning kirkna sé í dag afar mismunandi og stundum röng. „Til að hægt sé að þinglýsa kirkju á eiganda sinn þarf að fylgja henni afmarkað land eða lóð,“ segir kirkjuráð og bendir á að algengast sé að kirkjur standi á lóðum í eigu annarra, eins og til dæmis sveitarfélaga.

„Í flestum tilfellum er um það að ræða að þinglýsa eignarheimild kirkju á viðkomandi sókn. Til að svo megi verða þarf að liggja fyrir eignarheimild á þeirri lóð sem kirkjan stendur á, svo sem afsal eða gjafagerningur,“ segir Kirkjuráð, sem kveður þörf á samvinnu margra aðila sem hagsmuna eigi að gæta og nefnir þar sem dæmi sveitarfélög, landeigendur, sóknarnefndir og ráðuneyti.

„Vegna umfangs verkefnisins var ákveðið að taka út nokkrar kirkjur í dreifbýli og þéttbýli og bjóða fram aðstoð við að þinglýsa á réttan eiganda. Með því fæst reynsla af ferlinu og því vinnuframlagi sem heildarverkefnið hugsanlega krefst,“ segir Kirkjuráð.

Kirkjurnar tíu sem taka á út í forathugun eru Dómkirkjan í Reykjavík, Hallgrímskirkja, Útskálakirkja, Hólmavíkurkirkju, Mosfellskirkja, Prestbakkakirkja, Stóra-Dalskirkja, Eyvindarhólakirkja, Stóra-Borgarkirkja og Kollafjarðarneskirkja. - gar



**DÓMKIRKJAN Í REYKJAVÍK** Kirkjuráð telur að koma þurfi þinglýsingum á kirkjum á hreint og hyggst byrja á Dómkirkjunni og níu öðrum kirkjum á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LYFJA

- Lifið heil

www.lyfja.is

## + hvernig hefurðu það?

**Við í Lyfju höfum margt að bjóða** sem hjálpar þér að viðhalda góðri heilsu. Þrautreynd bætiefni geta lagt þér lið og bætt líðan þína og lífsgæði. Komdu við og gríptu með það sem kroppurinn þarfnast til að byggja sig upp fyrir haustið.



ÍSLENSKA SIA.IS LYF 46853 07/09

# 20% afsláttur +

**Nutrilenk** er náttúrulegt byggingarefni fyrir liðina. Hentar vel fólki sem þjáist af sliti og verkjum í liðamótum.
**Nutrilenk** hefur fengið frábærar viðtökur hérlendis og státar af þúsundum ánægðra viðskiptavina.




**NUTRILENK**
210 stk. verð áður ~~7.637 kr.~~ verð nú **6.110 kr.**
90 stk. verð áður ~~4.317 kr.~~ verð nú **3.454 kr.**

+ Gildir til 20. september 2009.

# Byltingarkennt andoxunarefni

**Lifestream AstaZan**
Gott gegn vöðvabólgu, sinabólgu og stirðleika. Eykur styrk og úthald vöðva. Inniheldur einnig Lutein sem er gott fyrir augun. **Íþróttafólk og sjúkraþjálfarar mæla með AstaZan.**




**LIFESTREAM AstaZan**
30 hylki, mánaðarskammtur, **2.534 kr.**
60 hylki, 2 mánaða skammtur, **4.366 kr.**

# 20% afsláttur +

**Liposan** inniheldur náttúrulegar trefjar
· bindur fitu úr fæðunni
· gott fyrir meltinguna
· jákvæð áhrif á kólesteról




**LIPOSAN**
Náttúruleg íslensk vara framleidd hjá sjávarlíftæknifyrirtækinu Primex á Siglufirði
Verð áður ~~4.990 kr.~~ verð nú **3.992 kr.**

+ Gildir til 20. september 2009.

# 20% afsláttur +

**Solaray** blöndurnar innihalda besta hráefni sem kostur er á, krafist er gæða- og upprunavottorða frá öllum ræktendum, sem tryggir:
· öryggi
· virkni
· hreinleika




**SOLARAY** bætiefnin, hrein og náttúruleg, engin óæskileg aukefni.

+ Gildir til 20. september 2009.

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

# Forstjóri skammar atvinnurekendur fyrir gagnrýnisleysi

**Forstjóri N1 telur að hagsmunasamtök atvinnurekenda ættu að beina sjónum inn á við í endurreisninni og gagnrýna eigin félaga þegar þeir brjóta lög. Framkvæmdastjóri SA segir þetta ekki hlutverk samtakanna.**

**VIÐSKIPTI** Hagsmunasamtök atvinnurekenda ættu að gagnrýna atvinnulífið sjálft þegar svo ber undir, til dæmis þegar fyrirtæki verða uppvís að því að fara ekki að lögum.


VILHJÁLMUR EGILSSON


HERMANN GUÐMUNDSSON

Stjórnvöld hafa í nógu að snúast og atvinnurekendur ættu að leika lykilhlutverk í endurreisn atvinnulífsins. Samfélagsleg sjónarmið eiga að hafa meira vægi nú en áður í rekstri fyrirtækja og það er „ekki heill hljómur“ í því þegar samtök atvinnurekenda gagnrýna stjórnvöld en þegja um það sem miður fer í eigin röðum.

Þetta segir forstjóri N1, Hermann Guðmundsson, í pistli á Pressunni.is í gær. Hann spyr: „Hvernig má það til dæmis vera að engar stofnanir atvinnurekenda risu upp eftir að Hæstaréttardómur var fallinn um olíusamráðsmálið og fordæmdu slík vinnubrögð?“

Hermann spyr einnig um skort á gagnrýni á ofurlaunagreiðslur, og hví það sé látið viðgangast að „þúsundir fyrirtækja“ skili ekki ársreikningum. Slík hegðun ætti að þýða að yfirvöld leystu fyrirtækin upp.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segist eiga bágt með að svara fyrir gagnrýnisleysi í olíusamráðsmálinu, enda hafi hann ekki starfað hjá SA á þeim tíma.

„En í grundvallaratriðum er SA samtök fyrirtækja sem hafa það hlutverk að vinna fyrir hagsmuni fyrirtækjanna og tryggja að leikreglur atvinnulífsins séu til þess fallnar að auka samkeppnishæfni þess sem mest,“ segir Vilhjálmur.

Spurður hvort það flokkist ekki undir hagsmuni fyrirtækja að farið sé að lögum, segir Vilhjálmur:

„Við vinnum mjög ötullega í því þessa dagana, til dæmis við að koma í veg fyrir að hér þrífist neðanjarðarstarfsemi. Auðvitað verða allir að fara að sömu leikreglum, það er undirstöðuatriði heilbrigðs atvinnulífs. Og það á við um samkeppnislöggjöfina eins og öll önnur lög,“ segir Vilhjálmur.


FRÁ FUNDI OLÍUFÉLAGA OG SAMKEPPNISYFIRVALDA „Hvernig má það til dæmis vera að engar stofnanir atvinnurekenda risu upp eftir að Hæstaréttardómur var fallinn um olíusamráðsmálið og fordæmdu slík vinnubrögð?“ spyr forstjóri N1. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hins vegar sé það ekki hlutverk SA að skamma félaga sína.

„Þeir verða að vera ábyrgir fyrir sínum gerðum, hvort sem það eru launasamningar við stjórnendur eða að fara eftir lögum og reglum,“ segir hann.

Um skil á ársreikningum tekur Vilhjálmur undir með Hermanni að þeim eigi að skila á réttum tíma: „Ég reikna með að í langflestum tilfellum þar sem þeir eru ekki gert séu fyrirtækin ekki virk. En fyrirtæki í fullum rekstri eiga að skila reikningum, það liggur algjörlega fyrir.“

Spurður hvort hann telji að harðar eigi að taka á slíkum vanskilum segist Vilhjálmur hafa staðið í þeirri meiningu að hart væri gengið eftir því nú þegar. Hann bendir á að „ársreikningaskrá hangir hjá Ríkisskattstjóra og það eru því hæg heimatökin að bæta eftirlitið ef þess þarf“.

klemens@frettabladid.is


HALDIÐ Á KJÖRSTAÐ Hún Maria Regell er orðin 84 ára. Á sunnudaginn fór hún strax eftir messu á mótorhjólinu sínu á kjörstað í Saxlandi í Þýskalandi til að greiða atkvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eldri maður í Jaroslavl:

## Skaut nágranna sína til bana

**MOSKVA, AP** Eldri maður skaut á sunnudag þrjá nágranna sína til bana í bænum Jaroslavl, norðaustur af Moskvu. Að því loknu sneri hann skotvopninu að sjálfum sér.

Að sögn lögreglu létust tveir karlmenn og ein kona í árásinni en manninum tókst auk þess að særa aðra konu áður en hann tók eigið líf.

Ekki er ljóst hvað vakti fyrir manninum en hann mun hafa notað riffil til verksins. Jaroslavl er að mestu sumarhúsabyggð.

- ve

Framlenging útboðs vegna símaþjónustu ógilt:

## Forstjóri Símans fagnar sigri í útboðsdeilu

**DÓMSMÁL** „Það eru gleðifréttir fyrir okkur að þetta ferli sé að virka,“ segir Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, um ógildingu kærunefndar útboðsmála á framlengingu útboðs Ríkiskaupa á fjarskiptaþjónustu fyrir Landspítalann.

Í Fréttablaðinu í júní sagðist Sævar Freyr telja að Ríkiskaup væru að sveigja útboðsreglur í því skyni að geta samið við Vodafone, fyrirtæki sem komið væri í ríkiseigu, um símaþjónustu við Landspítalann til þriggja ára. Vodafone hafði boðið 42 milljónum krónum lægra en Síminn í útboði en uppfyllti ekki skilmála um eiginfjárstöðu áður en útboðið rann út 25. maí. Teymi, móðurfélag Vodafone, stefndi á þeim tíma hins vegar í hendur Landsbankans, Straums og Íslandsbanka með nauðasamningum.

Júlíus S. Ólafsson, forstjóri Ríkiskaupa, taldi ljóst að þá stefndi í að Vodafone myndi fljótlega uppfylla skilyrði um eigið fé og ákvað að beita undanþágureglu til að fresta því að ganga frá samningum þannig að Vodafone næði að koma stöðu sinni í rétt horf áður. Þetta kærði Síminn.

Kærunefnd útboðsmála bendir á að ekki hafi allir þátttakendur í Landspítalaútboðinu samþykkt að framlengja útboðið. Hún felldi úr gildi ákvörðun Ríkiskaupa um framlenginguna og úrskurðaði að stofnunin ætti að greiða Símanum 400 þúsund krónur í málskostnað.


LANDSPÍTALINN Símaþjónusta fyrir Landspítalann næstu þrjú ár var boðin út í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sævar kveðst telja að úrskurðurinn feli í sér að semja eigi við Símann um þjónustuna við Landspítalann. Ganga hafi átt til samninga miðað við stöðuna eins og hún var þegar tilboðsfresturinn rann út og að á þeim tíma hafi Teymi ekki uppfyllt skilyrðin.

„ Við erum þess fullviss að endanleg kjör sem Landspítalinn fær verða betri en stóð til boða hjá samkeppnisaðila okkar,“ segir forstjóri Símans.

„Þessi úrskurður er endanlegur, en hins vegar er ekki ljóst hvað hann þýðir. Tilboð okkar var 40 milljónum krónum lægra en Símans og það tilboð stendur enn að okkar hálfu. Boltinn er núna hjá Ríkiskaupum, sem væntanlega þarf að túlka niðurstöðu kærunefndarinnar og ákveða næstu skref,“ segir Hrannar Pétursson forstöðumaður almannatengsla Vodafone.

-gar

Fjölbýlishús í Breiðholti rýmt:

## Reykur í ruslageymslu

**ELDSVOÐI** Fjölbýlishús að Flúðaseli 91 í Breiðholti var rýmt um klukkan þrjú í gær eftir að tilkynning barst um reyk í ruslageymslu hússins.

Einn íbúinn hafði opnað ruslalúgu og reykur borist upp úr henni. Þegar nánar var að gáð reyndist ruslageymslan full af reyk sem barst um stigagang hússins og logaði eldur í einni tunnunni. Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu sendi tvo reykkafara inn í húsið sem slökktu eldinn. Slökkvilið reykræstir nú stigagang hússins og kannar hvort reykur hafi borist inn í íbúðir.

Íbúi hússins sem starfar sem dagmóðir var með tvö börn hjá sér þegar reykurinn tók að fylla húsið og hljóp með þau út á harðaspretti. Á henni var að heyra að subbulegt væri umlits eftir reykmettunina.

- hgh


ÞAÐ ER LEIKUR AÐ LÆRA MEÐ NÁMUNNI

2 fyrir 1 í bíó fyrir Námufélaga

Náman leggur námsmönnum lið með því að bjóða hagstæðari kjör, betri yfirsýn yfir fjármálin, 2 fyrir 1 í bíó*, 150 fríar færslur á ári, Námu A-kort með Aukakrónusöfnun auk fjölda annarra fríðinda.

Kynntu þér Námuna á landsbankinn.is, í síma 410 4000 eða í næsta útibúi.

Landsbankinn



Vala Sigríður Guðmundsdóttir Yates, Námufélagi og söngnemi

1.500 taka þátt í loftslagsráðstefnu SÞ:

# Hlýnun jarðar rædd

**GENF, AP** Um 1.500 vísindamenn, embættismenn og stjórnmálamenn taka þátt í loftslagsráðstefnu á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem haldin er í Genf nú í vikunni.

Ekki verður þó fjallað um að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda, því það verður umræðuefnið á loftslagsráðstefnu sem haldin verður í Kaupmannahöfn í desember.

Viðfangsefnið þessarar ráðstefnu er að samhæfa og kortleggja möguleg viðbrögð við hlýnun jarðar. Meðal annars er stefnt að því að koma á fót upplýsingakerfi, sem varar í tæka tíð við fárviðri, fellibyljum, flóðum og þurrkatímabilum víðs vegar um jörðina. **- gb**



**RÁÐSTEFNAN SETT** Gro Harlem Brundtland í ræðustól. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BJÓ Í TJÖLDUM OG SKÚRUM** Í stórum bakgarði mannræningjanna voru skúrar og tjöld í skjóli hárra trjáa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Flóttafærin látin ónotuð

**Jaycee Lee Dugard tók virkan þátt í prentþjónustufyrirtæki Garrido-hjónanna. Sérfræðingar segja ýmsar skýringar á því að hún lét ógert að flýja.**

**BANDARÍKIN, AP** Jaycee Lee Dugard hefði við ýmis tækifæri getað sagt til sín og sloppið úr prísund barnaræningjanna Phillips og Nancy Dugard, sem rændu henni árið 1991 þegar hún var ellefu ára gömul.

„Hún ber sterkar tilfinningar til þessa manns. Henni finnst í raun og veru þetta vera nánast eins og hjónaband,“ segir stjúpfaðir hennar, Carl Probyn, sem á sínum tíma varð vitni að barnsráninu og var lengi síðan grunaður um aðild að verknaðinum.

Tveimur dögum eftir að Jaycee losnaði úr prísundinni hitti hún móður sína og systur. Hún virðist vera við góða heilsu, en er sögð hafa samviskubit út af því að hafa myndað sterk tilfinningatengsl við ræningja sinn.

Sérfræðingar segja ýmsar skýringar á því að fórnarlömb mannræningja notfæri sér ekki tækifæri sem bjóðist til þess að sleppa. Mannræninginn hafi fljótlega gert Dugard algerlega háða sér, og síðar meir hafi hún óttast um börn sín.

Hún hafðist við í tjöldum og skúrum í stórum bakgarði þeirra hjóna, ásamt tveimur börnum sem hún eignaðist þegar hún var fjórtán og átján ára gömul. Faðirinn er Phillip Garrido, ræningi hennar og nauðgari.

Viðskiptavinir prentþjónustufyrirtækis sem Garrido rak heima hjá sér segja að hún hafi tekið virkan þátt í fyrirtækinu, meðal annars hannað prentvörur og afgreitt pantanir.

Fæstir nágranna þeirra minnast þess að hafa séð Jaycee, en margir höfðu þó orðið varir við tvær feimnar ungar stúlkur. Svo virðist sem nágrannarnir hafi forðast að eiga nokkur samskipti við íbúa hússins.

Phillip Garrido var gjarnan kallaður „hinn óhugnanlegi Phil“, sennilega vegna þess að hann talaði mikið um að heyra raddir frá guði, auk þess sem sumir vissu að hann væri á skrá yfir kynferðisbrotamenn.

Garrido var undir ströngu skilorðseftirliti, með tækjabúnað um ökklann svo hægt var að fylgjast með öllum hans ferðum. Engu að síður komst ekki upp um hann fyrr en öryggisverði við háskólabygginguna þótti hegðun hans undarleg, þar sem hann hugðist fara inn í bygginguna með dætur sínar tvær til að dreifa trúarbæklingum. Þegar vörðurinn komst að því að Garrido væri kynferðisbrotamaður hafði hann samband við lögreglu.

gudsteinn@frettabladid.is




ENNEMM / SÍA / NM38955

## „ORÐRÉTT“

*Ys og þys út af engu*

**„Þetta hefur ekkert truflað okkur.“**

BENEDIKT SVEINSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI FISKSÖLUFYRIRTÆKIS, UM HVALVEIÐAR
Fréttablaðið, 31. ágúst.

*Sjálftekin löggæsla*

**„Fyrst sýslumaðurinn tekur ekki á þessu neyðumst við þess.“**

MARKÚS ÁRSÆLSSON BÓNDI UM NÁGRANNADEILUR Í ÞYKKVABÆ.
Morgunblaðið, 31. ágúst.

# tilveran
*nær og fjær*

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? RÚNAR MARVINSSON

## Nær í sjóbirting í sefinu í Staðará

„Ég er á leið í veiðiferð og er einmitt að opna hlið,“ segir Rúnar Marvinsson matargerðarmaður. Undanfarið hefur Rúnar starfað á Langaholti á Snæfellsnesi. „En ég er orðinn það gamall að ég vinn eins lítið og ég kemst upp með,“ segir Rúnar, sem kveður aðeins farið að hægjast um nú í sumarlok.

„Túrisminn er allur að koðna þannig að það er ekki svo mikil vinna, sem betur fer, svoleiðis að ég ætla að fara að skoða Staðarána og gá hvort ég finn ekki einhvers staðar fisk í soðið í sefinu,“ segir Rúnar, sem kveðst nú hættur magnveiði fyrir veitingastaði heldur veiða bara í soðið fyrir sig og sína.



Vegna mikils gróðurs geta aðstæður verið erfiðar þar sem Rúnar ætlar að reyna við sjóbirting í Staðaránni. „Maður verður að hafa fyrir þessu eins og öðru. Ég ætla að reyna að fá eitthvað svo ég geti boðið fólkinu sem er að taka upp kartöflur í mat. Þá fáum við nýjar kartöflur og rófur með sjóbirtingi. Með þessu bý ég til sósu úr bláberjum,“ segir listakokkurinn, sem aðspurður neitar því að hafa áhuga fyrir laxveiði. „Ég hef aldrei haft geð í mér eða efni á því að borga hundruð þúsunda fyrir að standa í einhverri sprænu þó að það séu einhver laxakvikindi þar.“

Að sögn Rúnars var sumarið fínt eins og sumur eiga að vera. Hugarfar fólks virðist honum breytt frá því sem verið hefur. „Fólk er aðeins nægjusamara og þurfti ekki mikið til að það batnaði. Það er allt í lagi að vera laus við árans græðgina í bili þótt hún komi þó sjálfsagt aftur.“

## JAPAN
### ÞÚSUND EYJA

■ Japan er ekki bara á nokkrum eyjum heldur eru eyjarnar sagðar vera nákvæmlega 6.852 talsins. Fjórar þeirra eru að vísu langstærstar, en þær heita Honsjú, Hokkaídó, Kíusjú og Sjíkokó. Á þessum eyjum búa 128 milljónir manna, sem gerir Japan að tíunda fjölmennasta ríki veraldar. Nærri 99 prósent þeirra eru japanskir, en fjölmennustu innflytjendahóparnir eru Kóreumenn og Kínverjar. Merki hafa fundist um búsetu þar fyrir þrjátíu þúsund árum, en fyrst er minnst á íbúa landsins í kínverskri sögubók frá 2. öld okkar tímatals.



## SJÓNARHÓLL
ANDLÁT KENNEDYS

### Brenglað fréttamat



HARALDUR INGI ÞORLEIFSSON

Fréttir af andláti öldungadeildarþingmannsins Edwards Kennedy á dögunum er dæmi um hvernig hægt er að búa til stórmál úr engu, segir Haraldur Ingi Þorleifsson nemi.

Hann er nýkominn frá Tyrklandi og hafði bara eina stöð sem hann skildi á hótelinu: Breska ríkissjónvarpið, BBC.

„Þetta voru aðalfréttirnar á BBC í þrjá daga í röð. BBC rifjaði svo upp sögu Kennedy-fjölskyldunnar og tók viðtöl við fólk á götunni og var með skoðanakannanir, um hvort þetta skaðaði Demókrataflokkinn og svo framvegis,“ segir Haraldur Ingi.

Fréttaflutningur sé orðinn ansi skrítinn. Allt gangi út á fræga fólkið. Til viðmiðunar bendir Haraldur á frétt á sömu stöð um að fimm hafi látist í lestarslysi í Tyrklandi. Sú frétt var ekki endurtekin. „Það er ekkert óvenjulegt við það að áttræður maður deyi. Eftir að hann er dáinn þá er hann bara dáinn. En ef hann hefði lifnað við, þá hefðu það verið fréttir!“ segir Haraldur Ingi.






# Blanda hástökkvari ársins

**Sumarið er á enda komið og styttist í að veiði ljúki í laxám landsins. Ólíklegt er að veiðimetið frá því í fyrra verði slegið úr þessu en veiðitölur sýna að veiðimenn geta engu að síður vel við unað. Af stærri ám jókst veiði mest í Blöndu á milli ára.**



**AÐ KASTA FLUGU Í STRAUMVATN** Þótt veiðin í ár gefi metárinu í fyrra eitthvað eftir er árangur sumarsins engu að síður nokkuð góður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Landssamband veiðifélaga birti á dögunum veiðitölur úr 25 viðmiðunarám fyrir það sem af er tímabilinu. Heildarveiði nú er 33.957 laxar en var á sama tíma í fyrra 37.317 laxar. Það munar því 3.360 fiskum, eða nálægt tíu prósentum.

Þorsteinn Þorsteinsson, vefumsjónarmaður Landssambands veiðifélaga, bendir á að veiðisumarið í fyrra hafi verið metár og aflinn í ár nokkuð góður.

„Ég held að þetta komi alveg til með að ná meðalgóðri veiði,“ segir hann. „Vestanlands hefur reyndar verið of þurrt víða en það hefur ekki verið vandamál á vestanverðu Norðurlandi og í Húnavatnssýslunum, enda mjög góð veiði þar víðast hvar.“

Athygli vekur hversu mikið veiði hefur aukist í Blöndu. Í fyrra veiddust þar 986 laxar en eru nú þegar orðnir 2.268.

„Það er langt síðan það veiddist svo mikið í Blöndu,“ segir Þorsteinn. Aðstæður hafi verið veiðimönnum mjög hagstæðar. „Það spilar sjálfsagt ekki síst inn í að Blöndulón er vant að fyllast snemma í ágúst en eftir því sem ég best veit er það ekki fullt enn. Þá er líka glæsilegur árangur í Miðfirðinum og smærri ám, til dæmis Gljúfurá, Tjarnará og fleirum.

Aðrar ár eiga hins vegar töluvert í land miðað við veiðina í fyrra, til dæmis Ytri-Rangá og Hólsá. Þar hafa veiðst 5.453 fiskar það sem af er en í fyrra veiddust alls 14.315 laxar.

„Það er ekki sama gífurlega veiði og í fyrra,“ segir Þorsteinn, „en það er hins vegar lengri tími eftir þar en í flestum öðrum ám, þar er veitt alveg fram í október. September gefur oft vel af sér og þetta getur komið vel út hjá þeim ennþá.“

Á heimasíðu Landssambands veiðifélaga, angling.is, má finna samantekt á veiðitölum 25 viðmiðunaráa um allt land.

bergsteinn@frettabladid.is

### TÍU AFLAHÆSTU ÁRNAR SUMARIÐ 2009

| Heiti | Heildarveiði 26.8 2009 | Stangafjöldi | Lokatölur 2008 |
|---|---|---|---|
| Ytri-Rangá & Hólsá, vesturbakki | 5.453 | 20 | 14.315 |
| Miðfjarðará | 2.784 | 10 | 1.736 |
| Eystri-Rangá | 2.777 | 18 | 7.013 |
| Blanda | 2.268 | 12 | 986 |
| Þverá + Kjarará | 2.163 | 14 | 2.865 |
| Norðurá | 2.155 | 14 | 3.307 |
| Selá í Vopnafirði | 1618 | 8 | 2.025 |
| Langá | 1.530 | 10 | 2.970 |
| Víðidalsá | 1.500 | 8 | 1.440 |
| Haffjarðará | 1.375 | 6 | 2.010 |

HEIMILD: ANGLING.IS

Gjörbreytt landslag á lagerum húsbúnaðar- og byggingavöruverslana:

# Minna úrval en vandaðri innkaup

Meðal þess sem Íslendingar áttu að venjast þegar góðærið náði hér hámarki voru gnægtarfullar byggingavöru- og húsgagnaverslanir, þar sem úrvalið virtist engan endi ætla að taka. Eftir búsáhaldabyltingu hefur hins vegar orðið sjáanlegur munur á búsáhaldaverslunum, sem hafa líkt og flestir þurft að sníða sér stakk eftir vexti í fjármálakreppunni. Ekki er lengur sjálfgefið að ganga megi að tiltekinni parkett- eða flísategund sem vísri á lager verslana.

„Þetta er allt annað landslag en 2006 og 2007 þegar verslanir höfðu aldrei nógu breitt úrval,“ segir Víðir Pétursson, framkvæmdastjóri Húsasmiðjunnar. „Nú reyna menn að vanda sig meira, sem gerir það að verkum að það er kannski ekki jafnmikið úrval og áður. En svo getur fólk alltaf sérpantað vörur sem við eigum ekki á lager; það kostar bara aðeins meiri bið. Ég held að það sé sama hvaða fyrirtæki er skoðað á Íslandi í dag, það eru allir að stemma stigu við innkaupum.“



**PARKETT** Vöruúrval í verslunum er minna en fyrir efnahagshrunið og neytendur eru varfærnir. Viðhaldsmarkaðurinn gengur hins vegar vel.

Víðir segir greinilegan mun á viðskiptaháttum fyrir og eftir hrun. Hvatvís kaup á innréttingum heyri sögunni til. „Fólk virðist farið að spá miklu meira í verðið. Áður fyrr skipti varla máli hvað hlutirnir kostuðu en nú sjáum við að ódýrari hlutir ganga betur en áður.“

Ljóst sé að þótt Íslendingar hafi minna á milli handanna en áður séu þeir engu að síður að hlúa að heimilinu. „Viðhaldsmarkaðurinn gengur mjög vel og greinilegt að fólk er duglegt við að sinna því sem það á heima.“ - bs

*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:*



# Skráðu þig í tölvunám
# Menntun sem gefur þér forskot

1986 - 2009 • 23 ár í fremstu röð

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og yfir 39.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á meira en 23 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

**Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

## Úrvalsnám og -námskeið

### Stafræn ljósmyndun og myndbönd
- Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 st./12.900*
- Stafræn ljósmyndun • *13 st./16.900*
- Photoshop Elements • *13 st./18.900*
- Stafræn myndbandagerð • *13 st./18.900*

### Excel
- Excel I: Almennt nám • *22 st./26.900*
- Excel IIa: Sérhæft nám • *18 st./32.900*
- Excel IIb: Fjárm.,bókh. & endsk. • *18 st./39.900*
- Excel IIc: Fjölvar og forritun • *27 st./49.900*
- Excel: Pivottöflur og gagnavinnsla • *9 st./19.900*

### Access
- Access I: Almennt nám • *22 st./29.900*
- Access II: Sérhæft nám • *18 st./34.900*

### PowerPoint
- PowerPoint I: Almennt nám • *13 st./16.900*
- PowerPoint II: Sérhæft nám • *9 st./14.900*
- PowerPoint I + II • *22 st./25.900*

### Word
- Word I: Almenn ritvinnsla • *22 st./26.900*
- Word II: Kraftmikil ritvinnsla • *18 st./26.900*
- Vinnsla langra skjala í Word • *13 st./18.900*
- Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 st./8.900*

### Verkefnastjórnun
- Hagnýt verkefnastjórnun • *50 st./99.900*
- PRINCE2 verkefnastjórnun • *13 st./34.900*
- MS Project verkefnastjórnun • *18 st./44.900*

### DreamWeaver, Photoshop & Flash
- DreamWeaver vefsíðugerð • *27 st./32.900*
- DreamWeaver og Photoshop • *54 st./54.900*
- DreamW., Photoshop og Flash • *72 st./76.900*
- Flash I: Margmiðlun • *18 st./27.900*
- Flash Action Script forritun • *18 st./27.900*
- Photoshop: Ljósm. og grafík • *27 st./32.900*
- Photoshop II: framhald • *18 st./32.900*

### Ýmis námskeið og lengra nám
- Kvöldstund með Facebook • *4 st./6.900*
- Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 st./7.500*
- Hagnýtt bókhald II • *58 st./79.900*
- Hugarkort - MindMaps • *4 st./9.900*
- Internetið og tölvupóstur • *9 st./11.900*
- Outlook I: Póstur, dagbók ofl. • *13 st./16.900*
- Outlook II: Fyrir lengra komna • *9 st./14.900*
- Outlook tímastjórnun • *4 st./8.900*
- Publisher: Bæklingar,kort ofl. • *13 st./18.900*
- Publisher: Bæklingar,kort ofl. • *13 st./18.900*
- SQL grunnur • *13 st./26.900*
- Windows fyrir byrjendur • *9 st./11.900*



### Tölvunám fyrir 50+
Dag-, síðdegis- eða kvöldnám

Skemmtilegt nám, miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu, sem hentar jafnt þeim sem hafa stigið sín fyrstu skref og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, Internetið, tölvupóstur og stafræn ljósmyndun

Verð: 64.900 Stundir/einingar: 60/3



### Almennt tölvunám
Morgun- eða kvöldnám

Frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt nám um allt það helsta sem gert er með tölvum. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, PowerPoint, tölvupóstur og Internetið. Gagnleg verkefni leyst sem nýtast heima og í vinnu.

Verð: 74.900 Stundir/einingar: 90/4



### Hagnýtt bókhaldsnám
Morgun- eða kvöldnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum.

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 94/4



### MCITP Windows 2008 kerfisstjórnun
Morgunnám eða fjarnám

Krefjandi og gefandi nám sem býr þig undir alþjóðleg próf og starf sem Microsoft Certified Server Administrator (MCITP). Námið er þriggja áfanga og er hægt að taka einn, tvo eða alla áfangana í einu (MCTS). Námið opnar þér nýjar dyr að áhugaverðu og spennandi starfi.

Verð: 269.900 Stundir/einingar: 180/9




### Visual C# .NET forritun
Kvöldnám eða fjarnám

Frábært nám fyrir þá sem vilja læra vinsælasta forritunarmálið. Hnitmiðað og yfirgripsmikið nám sem undirbýr þig fyrir krefjandi starf við forritunarverkefni og alþjóðlega próftöku í forritun. ASP vefforitun er hluti af náminu en hægt er að sækja eingöngu ASP vefforitun.

Verð: 159.900 Stundir/einingar: 94/4



### Tölvu- og bókhaldsnám
Morgun- eða kvöldnám

Einstakt nám þar sem þú færð góðan undirbúning fyrir starf á skrifstofu eða í eigin rekstri. Námsgreinar: Upplýsingatækni, fingrasetning, Word, Excel, PowerPoint, Outlook, Internetið, bókhald, tölvubókhald og verslunarreikningur. Viðurkennd evrópsk próf, ECDL, innifalin.

Verð: 169.900 Stundir/einingar: 260/13



### Flash I og Action Script
Dag- eða síðdegisnám

Lærðu að gera lifandi vefi og vinna myndir með verkfærum sem fagmennirnir nota. Stutt og hnitmiðað nám þar sem kennt er að búa til lifandi auglýsingar og vefi með hreyfimyndum, gagnvirkni og sjálfvirkni. Námið er tveir áfangar og er hægt að taka hvorn áfanga sér.

Verð: 49.900 Stundir/einingar: 36/2



### DreamWeaver og Photoshop
Dag- eða síðdegisnám

Lærðu á tvö vinsælustu forritin til þess að búa til kraftmiklar og upplýsandi vefsíður með grafík, valmyndum, hnöppum og CSS sniðsíðum sem auðvelda vefsíðugerðina. Tveir áfangar, DreamWeaver og Photoshop I og er hægt að taka þá hvorn um sig.

Verð: 54.900 Stundir/einingar: 54/2



### Vefhönnun og margmiðlun
Dag- eða síðdegisnám

Spennandi og skemmtilegt nám sem gefur þér það sem þú þarft til að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík. Námsgreinar: Hönnun vefja, HTML, DreamWeaver, Photoshop I og II, Flash og Action Script í Flash. Námið er 5 áfangar og er hægt að taka einstaka áfanga.

Verð: 129.900 Stundir/einingar: 108/5

Morgunn: 9:00-12:00 - dagur: 13:00-16:00 - síðdegi: 16:15-19:15 - kvöld: 19:30-22:30 - stund = 40 mín - eining = ígildi einnar námseiningar í framhaldsskóla

## Einka- og hópkennsla

Fáðu einkakennslu til að ná betri tökum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar. Hagstætt verð fyrir hópa á sérnámskeið.

www.tv.is

## Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur atvinnulausum og til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Vinnumálastofnun styður atvinnulausa til náms hjá okkur skv. reglum stofnunarinnar.

## Tölvunám TV til betri verka
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– eða fáðu nánari upplýsingar á www.tv.is**

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað getum við sjálf lagt af mörkum?

# Í anda Kennedy

MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR SKRIFAR

Að loknum sumarfríum er daglegt líf að falla í reglubundinn farveg og haustið og veturinn handan við hornið. Við vitum öll að það bíður okkar erfiður vetur – enda þjóðfélagið rétt að komast upp á hnén eftir að hafa verið feykt um koll haustið 2008.

Með niðurstöðu í Icesave-málinu getur þjóðin betur áttað sig á því gríðarlega fjárhagshöggi sem hún hefur orðið fyrir. En þó að peningar skipti vissulega miklu máli eru þeir ekki allt. Frá hruninu hefur svo margt annað farið úrskeiðis í okkar samfélagi sem við eigum ekki síður að hafa áhyggjur af. Það er eins og ný siðferðisleg viðmið hafi tekið gildi – að þjóðin hafi lagt blessun sína yfir hegðun sem áður fyrr var fordæmd. Í skjóli nafnleyndar í bloggheimum hefur fjöldinn allur af fólki orðið að sæta mannorðsmorði, eigur einstaklinga eru skemmdar í skjóli nætur og sjálfsagt þykir að kenna starfsfólki í fjármála- og viðskiptalífinu um allt sem miður hefur farið. Það hugarfar ríkir að ef ég tel að komið hafi verið fram við mig á ósanngjarnan og óheiðarlegan hátt þá leyfist mér slíkt við sama. Hins vegar eiga óheiðarleiki, ósanngirni og andstyggilegheit aldrei rétt á sér.

Þó að einhver hafi misstigið sig á siðferðissvellinu verður þjóðin ekkert betur stödd eftir því sem fleiri telja í lagi að ganga gegn áður óskrifuðum siðferðisreglum. Ef þjóðin mótmælir ekki kröftuglega slíkri lágkúru og hún festir sig í sessi sem viðurkennd hegðun verður fjárhagstjón hennar sennilega ekki mesti skaðinn sem hún stendur uppi með þegar fram líða stundir.

Hins vegar er brýnt að sannfæra þjóðina um að réttlát reiði hennar muni að lokum fá útrás með því að þeir sem ábyrgð bera á hruninu verði látnir sæta ábyrgð. En sú niðurstaða á að birtast í dómsölum landsins – ekki hjá dómstóli götunnar.

Það segir margt um einstaklinga og þjóð hvernig hún mætir mótlæti. Við – íslenska þjóðin – höfum val um það að snúa bökum saman og vinna okkur út úr þessari kreppu þannig að við getum horft hreykin til baka eftir nokkur ár, stolt yfir því hvernig til tókst. Því við munum vinna okkur upp úr þessari kreppu – það er eingöngu spurning með hvaða hætti.

Þrjú hundruð þúsund manna þjóð er smáþjóð – en þrjú hundruð þúsund einstaklingar geta lyft grettistaki ef allir leggjast á eitt. Við getum öll gert eitthvað og þetta eitthvað þarf ekki að vera fjármagn – enda margir ekki aflögufærir þegar kemur að peningum. Hins vegar eigum við öll að geta látið af reiðinni, horft fram á við, veitt hvatningu og smitað út frá okkur með von, krafti og jákvæðni. Þetta verður ekkert auðvelt – en það er miklu meira í okkar anda að fara í gegnum þetta með jákvæðni og trú á framtíðina.

John F. Kennedy sagði fyrir tæpri hálfri öld í frægri ræðu: „Spurðu ekki hvað þjóð þín getur gert fyrir þig, heldur hvað þú getur gert fyrir þjóð þína.“

Er þetta ekki spurningin sem við stöndum öll frammi fyrir?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Allt fyrir borgarbúa

Furðu lítið hefur verið um skandala á vettvangi borgarstjórnar Reykjavíkur síðustu mánuði. Enda kannski nóg komið á einu kjörtímabili. Fjórir meirihlutar, fjórir borgarstjórar og allt það. Sex borgarfulltrúar hlaupnir í burtu. En aldrei fór það svo að allt væri búið. Nú bítast Ólafur F. Magnússon og Guðjón A. Kristjánsson um þrjár milljónir af skattfé borgarbúa. Og auðvitað eru hagsmunir borgarbúa þeim efst í huga í þeirri rimmu. Nema hvað.



### Guttarnir hlýði á meting

Lagið Pabbi minn er ríkari en pabbi þinn af plötunni Gilligill er það lag sem best á heima í Lögum ungra verðbréfagutta. Már Wolfgang Mixa efnir til könnunar þar um á vefsíðu sinni mixa.blog.is. Í öðru sæti, með nokkru minna fylgi, er Wall Street Shuffle með 10cc og í þriðja sæti er Abba-lumman Money, Money, Money.

### Jón ræður Guðjón

Nýjasti starfsmaður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins er fyrrnefndur Guðjón A. Kristjánsson. Jón Bjarnason lét auðvitað margra ára kröfu VG um auglýsingu lausra starfa í stjórnsýslunni lönd og leið við ráðninguna. Guðjón á að undirbúa breytingar á fiskveiðilöggjöfinni. Áralöng þátttaka Guðjóns í pólitík stafaði af löngun hans til að breyta þeirri löggjöf. Hans tími er nú kominn, fjórum mánuðum eftir að kjósendur afþökkuðu störf hans í stjórnmálum.

bjorn@frettabladid.is



# Meðan fjöldinn sefur



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

Í DAG | Krafan um iðrun

Í skjóli nætur hafa verið unnin spjöll á húsum á höfuðborgarsvæðinu. Einhver eða einhverjir þjóna lund sinni með þessum hætti. Finna eflaust til sín þegar fjölmiðlar bregðast við með því að birta myndir af spellvirkinu. Þetta á að vera táknræn vandlæting á einstaklingum sem voru áhrifamenn í peningastofnunum fyrir hrun. Ekkert nafn tengist ennþá þessum gjörningi.

Í þessum húsum búa fjölskyldur. Börnin fara í skóla eða gæslu þennan morgun í uppnámi og finnst þau ekki lengur örugg heima hjá sér eftir þetta. Óhugnaðurinn er ekki minni fyrir það að gerandinn hefur hvorki nafn né andlit, þannig að börn og unglingar geta gefið hugmyndafluginu lausan tauminn.

Þessi gjörningur er ekki saklaus málningarsletta. Þetta er ógnun. Ekki bara við þann sem hún beinist að, heldur friðhelgi heimilisins, sem jafnvel háværustu uppreisnarmenn dagsins mæra seint og snemma. Viðkomandi er að sýna vald sitt, og nýtur þess. Þetta er nokkurs konar sjálfsupphafningarvald sem er réttlætt með því að vera fyrir góða málstaðinn.

Réttlætið. En ógnun og valdbeiting er ógnun og valdbeiting, hvert sem tilefnið er. Miklu skiptir að sofna ekki á verðinum gagnvart valdi og ofbeldi í hvaða mynd sem það birtist, því það hefur tilhneigingu til að breiða úr sér og festast í sessi, þar sem rými gefst.

Eftirfarandi vísa eftir Jón Sigfinnsson frá Seyðisfirði á ekki bara við um yfirvöld og fjárglæframenn: Bak við tjöldin situr sál/ sú er völdin hefur,/ reiknar gjöldin, metur mál,/ meðan fjöldinn sefur.

**Friðþæging**

Mér finnst athygli vert hvað krafa um opinbera iðrun einstaklinga er orðin hávær hér á landi.

Þetta lúrir náttúrlega í mannlegu eðli, en hefur ekki verið áberandi hér á landi fyrr en á síðustu árum. Eitt er að biðjast afsökunar, annað að það þurfi að sýna iðrun opinberlega. Helst að brotna svolítið saman fyrir framan sjónvarpsvélarnar og ögra ekki með því að vera vel klæddur og kurteis.

*Þessi gjörningur er ekki saklaus málningarsletta. Þetta er ógnun. Ekki bara við þann sem hún beinist að, heldur friðhelgi heimilisins*

Þegar víkingurinn frá Vestmannaeyjum braut af sér á sínum tíma, missti hann bæði æruna og lifibrauðið og þurfti að sitja af sér dóm. Það var ekki nóg. Hann var rægður linnulaust fyrir að iðrast ekki opinberlega á sannfærandi hátt. Þegar hann nýtti refsivistina til að bæta aðstæður einstaklinga á staðnum til muna og hella sér í skapandi vinnu til að halda heilsu og kröftum, var hann spottaður í grínþáttum. Hann greiddi sína skuld við samfélagið og kom uppréttur úr þeirri eldskírn. Bauð síðan fram krafta sína og fékk ótvíræða traustsyfirlýsingu frá meirihluta kjósenda í sínu kjördæmi. Ekki hefur farið mikið fyrir viðurkenningarorðum um þann manndóm og baráttuþrek sem þetta endurspeglar. Hins vegar er ekki langt síðan ég heyrði talað um að þessi maður hefði aldrei sýnt viðeigandi iðrun!

Þetta minnir mann á fögnuðinn á Torgi hins himneska friðar í Kína, þegar yfirvöld stilltu upp fjölda manna sem að þeirra mati skulduðu þjóðinni iðrun. Þarna gat fólk kveinað á hnjánum um syndir sínar, misgjörðir og óviðeigandi skoðanir fyrir framan tugþúsundir landa sinna. Og mikið hlýtur áhorfendum hinnar opinberu niðurlægingar að hafa liðið vel á leiðinni heim!

**Ekki alltaf grænt ljós**

Lög og reglur eru rammi utan um samfélagið. Þau setja okkur skorður og tryggja öryggi okkar. Það er undarlegt virðingarleysi við þjóðina að hvetja til lagabrota „vegna aðstæðna“ til að afla sér velvildar og vinsælda. Fólk verður að geta treyst því að samfélagsramminn haldi, rétt eins og umferðaljósin. Það gengur ekki að hafa alltaf grænt.

Fyrir nokkrum árum var vinkonuhópur á fjórtánda ári að spjalla saman heima hjá einni þeirra. Ellefu ára systir hennar sat hjá þeim. Stúlka í hópnum var að ræða um eitthvað sem hún hefði keypt sér – hefði reyndar ekki átt alveg fyrir því, en bjargað málinu með því að hnupla tíkalli, sem hún fann í eldhússkápnum heima hjá sér.

„Ertu þjófur?“ spurði litla systirin stundarhátt.

Allra augu beindust að henni í forundran. Hvers konar spurning þetta eiginlega væri, hvort hún gerði sér grein fyrir hvað hún væri að segja. Hvernig henni dytti í hug að kalla stúlkuna þjóf út af einum tíkalli.

„Er eitthvað betra að gera sig að þjófi fyrir tíkall en þúsundkall?“ ansaði sú litla.

Vinkonunum þótti þetta ekki svaravert – en eftir situr ágætis dæmisaga.

# Kæri herra Skap ofsi

UMRÆÐAN

Víðir Guðmundsson skrifar um spellvirki



VÍÐIR GUÐMUNDSSON

Nú hefur þú um nokkurt skeið stundað þá iðju að skvetta rauðri málningu á hús og bíla þeirra sem á einhvern hátt hafa tengst hinni íslensku útrás eða hinu íslenska bankahruni. Þetta gerir þú í skjóli nætur og lætur skapofsa þinn miskunnarlaust bitna á steindauðum hlutum þessa fólks. Nú ætla ég ekki að halda því fram að sumir af þessum einstaklingum eigi ekki skilið að láta skvetta einhverju á sig en hins vegar hefur það lítið að segja að skvetta í skjóli nætur á dauða hluti sem tryggðir eru bak og fyrir. Það er því eingöngu til þess fallið að valda okkur,  almenningi, þér og mér, meira tjóni en orðið hefur.

Kæri herra Skap ofsi, þú gerir þér væntanlega grein fyrir því að þessir bílar eru tryggðir? Þú gerir þér grein fyrir því að þessi hús eru tryggð? Og það að þau séu tryggð þýðir að tjónið er borgað úr svokölluðum bótasjóðum, sem vill svo skemmtilega til að er í eigu allra landsmanna. Ef gengið er á þá sjóði vegna þess að þig langar að stunda eitthvert flipp í skjóli nætur með lambhúshettu á hausnum svo enginn komist að því hver þú ert, þá ert þú, herra Skap ofsi, að auka tjón okkar almennings enn meira en sem komið er. Af því að á endanum þurfum við að greiða tryggingarnar okkar sem hækka við þínar gjörðir.

Mig langar því að biðja þig vinsamlegast um að hætta þessu paufi um miðjar nætur með svartan poka yfir hausnum og lélegt dulnefni. Þú gætir hins vegar prófað að banka á dyrnar hjá útrásarvíkingunum, kynnt þig með fullu nafni og skvett einhverju á þá mín vegna. Og borgað svo brúsann sjálfur.

*Höfundur er leikari.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**UPPELDI SEM VIRKAR** – færni til framtíðar heita námskeið sem eru að hefjast hjá Þroska- og hegðunarstöð. Bæði er boðið upp á dag- og kvöldnámskeið og námskeiðin eru niðurgreidd fyrir atvinnulausa foreldra. www.heilsugaeslan.is





Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473



2 fyrir einn
af útsöluvörum
Bara í dag
belladonna
Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is

Matargerð með ástúð og virðingu
Krúska er matstofa og verslun.
Í Krúsku er lögð áhersla á holla og vandaða matargerð.
Úrval af ferskum, framandi réttum og lífrænum vörum.
Verið velkomin!
KRÚSKA
VIÐ ELDUM FYRIR ÞIG
KRÚSKA • Suðurlandsbraut 12 • 108 Reykjavík • Sími: 557-5880 • www.kruska.is

FLOTT Í HAUST...
með Slendertone
dömu/herra belti
NÝTT
Flex Max kr. 27.900,-
Flex kr. 22.900,-
System kr. 33.900,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Bowen Tækni
EUROPEAN COLLEGE OF BOWEN STUDIES
Námskeið í Bowen Tækni
Einföld, mjúk og áhrifarík meðferð sem farið hefur sigurför um Evrópu.
Virkar vel á hverskonar vandamál
Kennt í Reykjavík 25. - 28. september
Íslenskt námsefni og íslenskur kennari.
Uppl. í síma 496-0769 og 897-7469 • Margeir
www.bowentaekni.com • jmsig@simnet.is




Bjarni segir íslensk bandýlið verða sífellt betri og betri en íþróttin er stunduð víða um land.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bandý sækir í sig veðrið

**Mikill uppgangur er í bandýíþróttinni hér á landi og spretta sífellt fleiri lið upp. Bjarni Rafn Gunnarsson er einn þeirra sem hafa stundað íþróttina af kappi síðustu ár og státar af Íslandsmeistaratitli.**

„Þetta byrjaði sem skemmtileg hreyfing hjá mér og nokkrum skólafélögum mínum í MR í kringum 2003. Í fyrstu vorum við ekki með það á hreinu hvort um alvöru íþrótt væri að ræða en komumst fljótt að því að bandý er mikið spilað í nágrannalöndum okkar og í Svíþjóð er þetta önnur vinsælasta hópíþróttin á eftir fótbolta,“ segir Bjarni Rafn Gunnarsson eðlisfræði- og hugbúnaðarverkfræðinemi við Háskóla Íslands.

„Við félagarnir stofnuðum Bandýmannafélagið Viktor árið 2004 og fengum sendan búnað frá sænska bandýsambandinu fyrir milligöngu Tómasar Jónssonar, aðalritara norska bandýsambandsins. Í kjölfarið gátum við farið að stunda íþróttina af alvöru en það skiptir miklu að hafa réttan búnað. Þær bandýkylfur sem margir kannast við úr leikfimi í grunnskóla gefa ekki alveg rétta mynd,“ segir Bjarni.

Bandýmannafélagið Viktor æfir að jafnaði tvisvar í viku. „Við höfum aðstöðu í Smáranum í Kópavogi ásamt Bandýfélagi Kópavogs,“ segir Bjarni og bendir á að þangað geti áhugasamir haft samband vilji þeir vera með. Hann segir íþróttina skemmtilega og hraða. „Hún minnir um margt á íshokkí og skiptir mestu að ná upp snerpu og að vera fær með kylfuna.“

Í bandý mega tuttugu leikmenn vera skráðir í hvort lið fyrir sig en einungis sex eru inni á vellinum í einu, þar af fimm útispilarar og einn markmaður. Allir nema markmaðurinn eru með kylfur og gengur leikurinn út á að koma plastkúlu í mark andstæðingsins. Leikurinn stendur í klukkustund og eru ótakmarkaðar skiptingar leyfðar.

Bandýmannafélagið Viktor hefur þrívegis landað Íslandsmeistaratitlinum en mótið var fyrst haldið árið 2004. „Við unnum 2004 og 2005 og endurheimtum bikarinn aftur í ár,“ segir Bjarni kampakátur. Í ár tóku níu keppnislið þátt í mótinu og verða þau að sögn Bjarna alltaf betri og betri. „Hér áður fyrr voru það kannski tvö lið sem voru að bítast um titilinn og svo einhverjir sprelligosar með en í ár var ekkert lið sem vann alla leikina og ekkert sem tapaði öllum, sem segir sitt. Menn voru reyndar að flytja inn einhverja Svía fyrir mót en það sýnir bara aukinn metnað.“

*vera@frettabladid.is*


1
-15%
SMURVINNA
afsláttur af vinnu við smur!
olis

2
Tilboð
BÓN OG ÞVOTTUR
Alþrif og teflonbón á tilboðsverði!

3
-15%
DEKK
afsláttur af sumardekkjum og jeppadekkjum!
ATH. OPIÐ Á LAUGARD. KL. 10-14

BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110



**BÍLVEIKI** hrjáir marga. Gott ráð er að hafa augun á sjóndeildarhringnum en ekki einblína á hluti sem þeysa framhjá. Einnig getur hjálpað að sitja í framsætinu. Ekki lesa meðan á ferð stendur og betra er að snúa fram en aftur þegar ferðast er í bíl, skipi eða lest.


Opið hús
hjá Heyrn í dag
kl. 10-18
í Hlíðasmára 11

Komdu og skoðaðu það nýjasta í hönnun og tækni heyrnatækja.

Ellisif Katrín Björnsdóttir heyrnarfræðingur verður með fyrirlestur: Hvað er til ráða ef einhver nákominn þér á við heyrnarskerðingu að etja?
Fyrirlesturinn verður haldinn kl 11:00 , 14:00 og 17:00

Gestum fyrirlestranna er boðið upp á að skrá sig í fría heyrnarmælingu

be BY RESOUND™

be by ReSound eru vart greinanleg í eyrunum

Heyrnarþjónustan HEYRN
Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - heyrn.is
Tímapantanir 534 9600




Góður svefn er ekki síður mikilvægur unglingum en yngstu börnunum.

# Ungmenni sofni ekki út frá tölvunni

**Miklar breytingar eiga sér stað á unglingsárunum og til að unglingunum líði sem best er svefn undirstöðuatriði.**

Scarlett Johansson og fleiri fegurðardrottningar halda því fram að góður svefn og vatnsdrykkja sé lykill þeirra að stórkostlegu útliti. Þótt flesta gruni að þar komi meira til er fullsannað að góður svefn er uppskriftin að betri heilsu og útliti, fyrir utan starfsgetu okkar. Þegar sumarfríi lýkur og skólar hefjast aftur er því gott að hafa í huga að við þurfum 7-8 tíma nætursvefn og unglingar tíu tíma. Einnig er vert að hafa í huga að það nægir ekki að leggja sig á daginn því lúr á þeim tíma kemur ekki í staðinn fyrir tapaðan nætursvefn. Lítill blundur getur þó hlaðið batteríin ef orkuleysi hellist yfir mann.

Hvað unglingana varðar hafa rannsóknir leitt fleira í ljós en að svefn sé þeim aðeins nauðsynlegur vegna vaxtarkipps þess sem þeir ganga í gegnum. Þannig eru unglingar sem sofa vel hamingjusamari og borða hollari mat. Einnig ætti að taka sjónvarpstæki og tölvur af dagskránni og slökkva á öllu slíku áður en gengið er til náða því hvort tveggja örvar heilann og truflar þar af leiðandi svefninn. Að sofna út frá sjónvarpinu í vetur er því algerlega bannað. Síðast en ekki síst er gott að hafa í huga að það læra börnin sem fyrir þeim er haft og gott er að fjölskyldan, það er að segja eldri meðlimir, gangi til náða á svipuðum tíma. *- jma*


KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN 2009

Tungumál
10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Áhersla á talmál
Kennt er í byrjenda - framhalds – og talæfingaflokkum
ENSKA
ENSKA fyrir útlendinga
DANSKA
NORSKA
SÆNSKA
FRANSKA
ÍTALSKA
SPÆNSKA
ÞÝSKA
Íslenska fyrir útlendinga I - V
10 vikna námskeið
60 kennslustundir

Icelandic for foreigners I - V
10 weeks courses
60 class hours
Kurs jezyka Islandzkiego dla obcokrajowcow I -V
Kurs 10-tygodniowy
60 godzin lekcyjnych

Verklegar greinar
Bókband
Frístundamálun
Glerbrennsla
Silfursmíði
Skrautritun
Trésmíði
Útskurður

Saumanámskeið
Að breyta fötum og endursauma
Crazy quilt
Fatasaumur/ Barnafatasaumur
Skrautsaumur
*Baldering*
*Skattering*
Þjóðbúningur - saumaður

Tölvunámskeið
Fingrasetning
Tölvugrunnur
Word
*Ritvinnsla*
EXCEL
*Töflureiknir*

Matreiðslunámskeið
Gómsætir bauna – pasta – og grænmetisréttir
Gómsætir hollir suðrænir réttir frá Miðjarðarhafslöndunum
Hráfæði
Ítölsk matargerð
Matarmiklar súpur og heimabakað brauð
Matargerð fyrir karlmenn I

Garðyrkjunámskeið
Garðurinn allt árið
Trjáklippingar

Förðunarnámskeið
Förðunarnámskeið
*Að farða sig og aðra*

Prjónanámskeið
Grunnnámskeið í að prjóna
*Peysuprjón*

Innritun í síma 564 1507
*á vef skólans http:// kvoldskoli.kopavogur.is*
*eða á skrifstofu Kvöldskólans í Snælandsskóla við Furugrund*
*Nánari upplýsingar eru einnig á vefsíðu skólans*
*http:// kvoldskoli.kopavogur.is*



Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið





Glæsilegur og létt fylltur í BC skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl á kr. 1.950,-



Einfaldur, léttfylltur og flottur í BC skálum á kr. 3.950,- boxer buxur í stíl kr. 1.950,-

MISTY
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - www.misty.is
Opið mán-fös kl. 10-18
Lau. kl. 10-14




Hollur matur er hverjum manni nauðsynlegur.

## Mataræðissjálfspróf á netinu

Á VEF LÝÐHEILSUSTÖÐVAR ER HÆGT AÐ TAKA SJÁLFSPRÓF ÞAR SEM HÆGT ER AÐ SJÁ HVORT MATARÆÐI MANNS SÉ NÓGU GOTT.

Það getur verið erfitt að hafa fulla yfirsýn yfir mataræði sitt í dagsins önn og stundum vantar upp á að maður sjái hvað vantar inn á listann. Lýðheilsustöð býður upp á sniðugt sjálfspróf þar sem fólk getur komist að því hvort það borðar nógu hollan mat, hvort fitan er of mikil og hvort nóg sé af trefjum og bætiefnum í fæðunni. Hvert svar gefur ákveðinn fjölda stiga fyrir fitu og hollustuefni. Vefslóð lýðheilsustöðvar er www.lydheilsustod.is. *- jma*


RAFVÖRU MARKAÐURINN
MIKIÐ ÚRVAL ÚTILJÓSA!
LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK
HÆÐ: 35 CM
8995
GARÐSETT 3 STK. 12V M/SPENNI
HÆÐ: 30 CM
8995
GARÐSETT 3 STK. 12V M/SPENNI
HÆÐ: 40 CM
8995
GARÐSETT 3 STK. 12V M/SPENNI
3895
VEGGLJÓS
3895
VEGGLJÓS
STÆRÐ: 23X10 CM
1995
INNFELLD LJÓS
TILBOÐ!
ÚTISTAUR HÆÐ 100 CM
8995
6495
VEGGLJÓS
6495
VEGGLJÓS
4 STÆRÐIR
FRÁ
8995
LED GARÐSETT 3 STK. M/SPENNI
3 STÆRÐIR
FRÁ 4995
INNFELLD LED LJÓS
4695
ÚTIKASTARI
7795
NIÐURGRAFIÐ LED LJÓS
FRÁ 3995
VEGG OG LOFTLJÓS BREIDD 23,5 CM
HÆÐ: 80 CM
6495
HÆÐ: 80 CM
5495
HÆÐ: 45 CM
5495
HÆÐ: 80 CM
HÆÐ: 80 CM
5495
6495
HÆÐ: 110 CM
5495
ÚTISTAUR - STÓR
4495
ÚTISTAUR - LÍTILL
HÆÐ: 45 CM
LITIR: STÁL KOPAR
4995
VEGGLJÓS
4595
VEGGLJÓS
3895
VEGGLJÓS
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ:
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 16

**LILY TOMLIN ER SJÖTUG Í DAG.**

*„Ég held að við höfum þróað tungumál vegna djúpstæðrar þarfar til að kvarta.“*

***Lily Tomlin er margverðlaunuð bandarísk leikkona, grínisti, rithöfundur og framleiðandi.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 1. SEPTEMBER 1939

## *Seinni heimsstyrjöldin hefst*

Miðað er við að heimsstyrjöldin síðari hafi hafist þennan dag árið 1939. Þá réðust Þjóðverjar inn í Pólland. Nokkrum dögum fyrr höfðu einræðisherrarnir Adolf Hitler og Jósef Stalín gert með sér griðasamning, loforð um að ráðast ekki hvor á annan. Í þessum samningi var leyniákvæði sem skipti Austur-Evrópu í raun í tvennt milli Þýskalands og Sovétríkjanna.

Bretar og Frakkar höfðu lofað því að ábyrgjast landamæri Póllands, og sögðu því Þjóðverjum stríð á hendur 3. september 1939. Kanada, Ástralía og Nýja-Sjáland fylgdu svo fljótlega í kjölfarið.


ADOLF HITLER

Franski herinn gerði svo sýndarárás en dró sig fljótlega í hlé. Bretar gátu ekki aðstoðað Pólverja á þeim stutta tíma sem þeir höfðu. Pólski herinn var lítil fyrirstaða fyrir þann þýska, sem náði hinn 8. september til höfuðborgar Póllands, Varsjár.

Hinn 17. september réðist sovéski herinn á Pólland úr austri. Degi síðar flúði forseti Póllands til Rúmeníu. Eftir tæpt mánaðar umsátur, hinn 1. október, þrammaði þýski herinn inn í Varsjá og sex dögum síðar gáfust síðustu pólsku hermennirnir upp. Opinberlega gáfust Pólverjar þó aldrei upp fyrir Þjóðverjum.

**MERKISATBURÐIR**

**1910** Fyrstu gasljósin við götur í Reykjavík eru tendruð. Þusti fólk út á götur með blöð og bækur til þess að athuga hvort lesbjart væri við ljósin.

**1910** Vífilsstaðaspítali er opnaður.

**1930** Í Reykjavík hefja bæði kvikmyndahúsin sýningu talmynda. Í Gamla bíói var sýnd Hollywood-revían og í Nýja bíói var það Sonny Boy.

**1971** Bann við hundahaldi gengur í gildi í Reykjavík. Þrettán árum síðar er hundahald leyft með skilyrðum.

**1972** Bobby Fischer sigrar Boris Spasskí í „skákeinvígi aldarinnar“ í Reykjavík með 12½ vinningi gegn 8½.


**ÞJÓÐMINJASAFNIÐ** Fimm eru frá því að Þjóðminjasafnið var opnað á ný eftir endurbætur.

# Ókeypis í Þjóðminjasafnið

Í dag eru fimm ár liðin frá því salir Þjóðminjasafns Íslands voru opnaðir á ný eftir gagngera viðgerð og breytingar á safnhúsinu við Suðurgötu. Í tilefni dagsins verður aðgangur ókeypis í safnið í dag.

Árið 1998 var sýningarsölum Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu lokað tímabundið. Allir gripir voru fluttir í vandaðar geymslur, en starfsfólk fékk aðstöðu á tveimur stöðum í Kópavogi og Garðabæ. Á meðan framkvæmdir við safnhúsið stóðu yfir var öll önnur starfsemi Þjóðminjasafnsins í fullum gangi og átti safnið hlut að ýmsum sérsýningum hérlendis sem erlendis.

Þjóðminjasafn Íslands var opnað 1. september 2004 í endurbættu safnhúsi með nýrri og fjölbreyttri starfsemi. Á nýrri grunnsýningu Þjóðminjasafnsins, Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár, er leitast við að varpa ljósi á það hvernig samfélag á Íslandi mótaðist í tímans rás frá landnámi til nútíma. Á sýningunni er boðið upp á margmiðlun, símasamband við fortíðina, skemmtimenntun, leiki, fræðslumöppur, hljóðleiðsögn og margt fleira. Með þessu er leitast við að sýningin nái til sem flestra, bæði fullorðinna og barna, Íslendinga sem og ferðamanna.

Við endurnýjun safnsins var sérstök áhersla lögð á aðgengismál og stöðugt er unnið með slagorðið „aðgengi fyrir alla“ að leiðarljósi.

Rúmlega 100.000 gestir heimsækja safnið árlega, en að auki taka um 15.000 nemendur á öllum skólastigum þátt í skipulagðri fræðslu í safninu. Í safninu eru að jafnaði 14-16 nýjar sýningar á ári auk margvíslegra fyrirlestra og viðburða allt árið um kring.



†

*Okkar ástkæra,*

**Agna Guðrún Jónsson**

áður til heimilis Barðavogi 1, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 2. september kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Kristján S. Sigmundsson** **Guðrún H. Guðlaugsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**TÓNLISTARSKÓLI REYKJANESBÆJAR:** BÝÐUR Í TÍU ÁRA AFMÆLISVEISLU

# Kennt á átta stöðum í bænum

„Tónlistarskóli Reykjanesbæjar er samsettur úr tveimur skólum sem starfræktir voru í sveitarfélögunum Njarðvík og Keflavík,“ segir Haraldur Á. Haraldsson, skólastjóri Tónlistarskóla Reykjanesbæjar sem er tíu ára í dag. Báðir skólarnir voru rótgrónir, annar stofnaður 1957 og hinn 1976. Árið 1994 voru Keflavík, Njarðvík og Hafnir sameinuð og fimm árum síðar var tekin ákvörðun um að stofna nýjan skóla sem þó byggði á grunni þeirra gömlu.

„Um leið var gerð töluverð breyting á kennsluháttum sem hafði þó verið gerð tilraun með hjá Tónlistarskóla Keflavíkur,“ segir Haraldur. Stefnan með breytingunum var að færa tónlistarkennslu inn í grunnskólana þannig að kennt yrði á hljóðfæri á skólatíma. Þetta hefur gengið að óskum að sögn Haraldar. „Í dag eru grunnskólarnir orðnir sex og því kennt á átta stöðum í bænum,“ segir hann en húsnæði gömlu tónlistarskólanna er einnig nýtt undir kennslu. Haraldur segir stofurnar allar ágætlega útbúnar til tónlistarkennslu og að þessi breyting sé til hagræðingar fyrir nemendur en ekki síður foreldra sem þurfi að eyða minni tíma í skutl á milli staða. Þó sækja nemendur enn tónfræðikennslu og hljómsveitaræfingar í gömlu skólana.

„Tónlistarskólinn er orðinn hluti af samfelldum skóladegi hjá þessum nemendum,“ segir skólastjórinn glaðlega og bendir á að grunnskólarnir séu einnig nýttir eftir að skólatíma ljúki enda dugi gömlu húsin ekki fyrir alla þá starfsemi sem fram fari seinni hluta dags. Ekki er að furða þar sem í skólanum eru um 780 nemendur og tónlistarskólinn því með þeim stærri á landinu.

Annað verkefni sem beið Haraldar fyrir tíu árum var að stuðla að því að öll börn í fyrsta og öðrum bekk í Reykjanesbæ fengju að njóta forskóla tónlistarskólans. Sú er raunin í dag og tónlistarskólinn sér um kennsluna á skólatíma án endurgjalds.

Framtíðin er björt fyrir nemendur tónlistarskólans. Haraldur minnist spenntur á að stutt sé í að húsakostur tónlistarskólans batni til muna. „Reykjanesbær stendur um þessar mundir fyrir byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss, Hljómahallarinnar. Þar verður meðal annars nýtt aðalhúsnæði skólans á um 2.500 fermetrum,“ segir hann. Ráðgert er að flytja í nýja húsnæðið á næstu misserum.

„Við ætlum að gera eitthvað annað en við erum vön,“ svarar Haraldur þeirri spurningu hvað verði gert í tilefni dagsins. „Við höldum um sjötíu tónleika á hverju ári og ákváðum að sleppa tónleikum í þetta sinn. Við kennararnir bjóðum þess í stað nemendum okkar í afmælisveislu og færum þeim skúffuköku, kaffi og safa,“ segir Haraldur en veislan fer fram í stóru tjaldi fyrir utan Austurgötu 13. Tónlistin er þó ekki fjarri en nokkrir nemendur leika létta tónlist.

**solveig@frettabladid.is**


**SKÓLASTJÓRI** Haraldur Á. Haraldsson segir framtíð tónlistarskólans bjarta enda er ráðgert að flytja í Hljómahöllina á næstu misserum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Jarðfræði og ferðamennska

Jarðfræði og ferðamennska verða meðal umræðuefna á tveggja daga námssmiðju sem haldin verður á Hótel Gíg í Mývatnssveit dagana 2. til 4. september. Varðveisla náttúrunnar á ferðamannastöðum, menning og velferð íbúanna í kring verða og í brennidepli.

Staðsetning námssmiðjunnar er ekki tilviljun. Mývatn og nágrenni þess er þekkt og fjölsótt vegna fjölbreyttra náttúrufyrirbæra. Lykillinn að velgengni svæðisins sem ferðamannastaðar er náttúruvernd í gagnkvæmu sambandi við ferðaþjónustu.

Út frá Hótel Gíg verður farið í skoðunarferðir um Norð-Austurland, meðal annars í Jökulsárgljúfur, Námaskarð, að Kröflu, Dettifossi og Goðafossi. Það eru Útflutningsráð Íslands, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Rannsóknarmiðstöð ferðamála og Svartárkot, menning-náttúra sem standa fyrir námssmiðjunni. Aðalfyrirlesari og stjórnandi vinnuhópa verður dr. David Newsome, aðstoðarprófessor við Murdoch-háskólann í Ástralíu. Auk hans eru þekkt nöfn á mælendaskrá eins og dr. Rögnvaldur Ólafsson, dósent í eðlisfræði, Oddur Sigurðsson jarðfræðingur, Aðalheiður L. Guðmundsdóttir leiðsögumaður og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður.

**- gun**


**HÓTEL GÍGUR** Er við eitt af merkum náttúrufyrirbærum Mývatns, gervigígana.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

**NAFNIÐ MITT:** DAGMAR HEIÐA REYNISDÓTTIR

# Engin með sama tvínefni í þjóðskrá

Dagmar Heiða Reynisdóttir líkamsræktarþjálfari var oft spurð að því hvort Dagmar væri ekki strákanafn þegar hún var að alast upp en þrátt fyrir spurningarnar segist hún alltaf hafa verið hæstánægð með nafnið sitt.

„Foreldrar mínir völdu nafnið út í bláinn en það var ekki fyrr en á leiðinni í kirkjuna sem þau ákváðu endanlega hvað ég ætti að heita. Þegar þau lögðu af stað átti ég að heita Heiða Björk en svo kom nafnið Dagmar til þeirra og endanlega var ég nefnd því nafni í kirkjunni.“

Dagmar segir að nafnið sé gamalt danskt nafn og þýði eitthvað í líkingu við „ung kona“ eða „ung dama“.

Ég hef um alla mína ævi einungis kynnst fimm öðrum sem bera þetta nafn, og þá mun frekar sem seinna nafn. Ég á heldur ekki nöfnu, Dagmar Heiðu, í þjóðskrá og hef því fengið að halda þessu alein hingað til.“ - jma



**FORELDRARNIR ÁKVÁÐU NAFNIÐ Á SÍÐUSTU STUNDU** Nokkrar mínútur voru í skírnarveislu Dagmarar Heiðu Reynisdóttur þegar nafn hennar var endanlega valið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Málað upp úr kvikmyndum

Endurkynni rammanna er yfirskrift sýningar í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu sem opnar á morgun, fimmtudag, klukkan 17.

Á sýningunni hefur Friðrik Þór Friðriksson valið myndir eða ramma úr kvikmyndum sínum og Lars von Triers sem síðan hafa verið málaðir upp með olíulitum á gríðarstóra strigafleti.

Í hverri níutíu mínútna langri kvikmynd eru 129.600 myndrammar og hver þeirra sést aðeins í brot af sekúndu. Sýningunni er ætlað að raska vana okkar og fá okkur til að hugsa öðruvísi um þær myndir sem birtast okkur í kvikmyndunum, að staldra við og skoða efnið í öðru samhengi og með öðrum augum.

Á sýningunni verður einnig myndbandsverk sem Ari Alexander Ergis Magnússon hefur gert og notað til þess leikara sem komið hafa fram í kvikmyndum Lars von Trier og Friðriks Þórs Friðrikssonar. Sýningin stendur til 18. október.

Sunnudaginn 6. september klukkan 15 verða Friðrik Þór og Ari Alexander með listamannaspjall í Hafnarhúsinu og verður það endurtekið á ensku í hádeginu 25. september.

Fjölmargir aðrir viðburðir eru tengdir sýningunni sem eru unnir í samstarfi við Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík og kvikmyndahátíðina Nordisk Panorama, sem báðar fara fram seinni hluta september.



**BÖRN NÁTTÚRUNNAR** Eftir Friðrik Þór Friðriksson.



**ELEMENT OF CRIME** Mynd eftir Lars von Trier.

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Kári Ísleifur Ingvarsson**
trésmíðameistari,
Hrafnistu Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 25. ágúst, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 4. september kl. 11.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

**Katrín Sigríður Káradóttir** — **Ölver Skúlason**
**Stefán Arnar Kárason** — **Stefanía Björk Karlsdóttir**
**Anna Káradóttir** — **Karsten Iversen**

**og aðrir afkomendur.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, mágur og afi,*

**Hörður Halldórsson**
Furugrund 54, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 27. ágúst. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 4. september kl. 11.00.

**Þórdís Sigtryggsdóttir**
**Eiríkur A. Harðarson**
**Haukur Harðarson**
**Sigtryggur Harðarson** — **Katrín Helga Reynisdóttir**
**Vildís Ósk Harðardóttir** — **Steindór Guðmundsson**
**Svanur Halldórsson** — **Jóhanna Jóhannsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Sigurbjörg Bjarnadóttir**
Spítalastíg 8, Hvammstanga,

lést mánudaginn 24. ágúst. Útför hennar fer fram frá Hvammstangakirkju föstudaginn 4. september kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, þeim sem vildu minnast hennar er bent á Hollvinasamtök Heilbrigðisstofnunar Hvammstanga.

**Guðmundur Jónsson**
**Bjarni Guðmundsson** — **Eygló Ólafsdóttir**
**Unnar Atli Guðmundsson**
**Jón Halldór Guðmundsson** — **Margrét Vera Knútsdóttir**
**Reynir Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, afi og langafi,*

**Höskuldur Stefánsson**
frá Illugastöðum í Laxárdal, A-Húnavatnssýslu, fyrrverandi verkstjóri í Sútunarverksmiðju Loðskinns á Sauðárkróki,

andaðist í Heilbrigðisstofnun Blönduóss sunnudaginn 30. ágúst 2009. Útförin mun fara fram í Reykjavík og verður hún auglýst síðar.

**Valný Georgsdóttir**
**Erla Höskuldsdóttir**
**Sigrún Höskuldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Halldór Geir Lúðvíksson**
Erluhólum 1, Reykjavík,

sem lést laugardaginn 22. ágúst, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 2. september kl. 13.00.

**Lúðvík Thorberg Halldórsson** — **Jóna Sigríður Þorleifsdóttir**
**Guðríður Halldórsdóttir** — **Sveinn G. Óskarsson**
**Jóhanna Ósk Halldórsdóttir** — **Gísli Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkæri eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Eggert Snorri Símonsen**
Jónsgeisla 43, 113 Reykjavík,

lést mánudaginn 24. ágúst. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 2. september kl. 13.00.

**Brynja Símonsen**
**Ottó W. Eggertsson** — **Rut Guðmundsdóttir**
**Sigrún B. Eggertsdóttir**
**Hafdís L. Eggertsdóttir** — **Magnús G. Gunnarsson**
**Þórunn M. Eggertsdóttir** — **Böðvar B. Þorvaldsson**
**afabörn og aðrir aðstandendur.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Jónsson**
Engihjalla 11, fyrrverandi strætisvagnabílstjóri,

sem lést aðfaranótt 28. ágúst á Elliheimilinu Grund, verður jarðsunginn föstudaginn 4. september kl. 11.00 í Hjallakirkju.

**S. Halla Hansdóttir**
**Jónína Guðmundsdóttir** — **Brynjólfur Erlingsson**
**Þröstur Guðmundsson** — **Unnur Heimisdóttir**
**Ástþór Guðmundsson** — **Valgerður Jónsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Brynjar Sigurðsson**
Sunnuhlíð 21 a, Akureyri
(áður til heimilis á Hellu, Grenivík),

lést á Dvalarheimilinu Hlíð, föstudaginn 28. ágúst. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju fimmtudaginn 3. september kl. 13.30.

**Sigríður Sigurjónsdóttir**
**Sólveig Brynjarsdóttir** — **Björn Aðalsteinsson**
**Elín Brynjarsdóttir** — **Guðmundur V. Guðmundsson**
**Bessi Brynjarsson** — **Hafdís Garðarsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

---



*Minningarathöfn verður um hjartkæra móður okkar,*

**Guðrúnu Stefánsdóttur**
frá Vestmannaeyjum,

í Seltjarnarneskirkju á Valhúsahæð, fimmtudaginn 3. september kl. 13.00.
Jarðsett verður í Vestmannaeyjum 5. september kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er vinsamlegast bent á Minningarsjóð hjúkrunarheimilisins Eirar.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
**Sigtryggur, Páll, Guðrún, Arnþór og Gísli.**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar föðursystur okkar,*

**Emilíu Guðmundsdóttur**
frá Gnýstöðum.

Fyrir hönd ættingja,

**Sólveig Árnadóttir**
**Aðalheiður Jóhannesdóttir.**

---



*Elskuleg móðir okkar,*

**Kristveig Björnsdóttir**
Safamýri 38, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landakotsspítala laugardaginn 29. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

**Björn Jóhannsson**
**Sigríður Jóhannsdóttir**
**Sveinn Jóhannsson**
**Guðrún Jóhannsdóttir**

**STARFSFÓLK ÓSKAST**

Leitum að hressum og duglegum aðilum til starfa í móttöku og við þrif.
**Áhugasamir hafi samband við Valda í síma 663-4521.**

Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík
**Nokkur sæti laus í dagsferð okkar laugardaginn 5. sept. n.k.**

Farið verður í hringferð um Suðurnesin , hádegisverður Flösinni Garðsskaga. Verð 2500 kr.
Innifalið: akstur, veitingar og leiðsögn.
Brottför frá Umferðarmiðstöðinni kl. 10:00 laugard. 5. sept.

Skráning og upplýsingar hjá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar í síma 5111515.

**Stjórnin**

Skipulags stofnun

**Mat á umhverfisáhrifum**
**- Ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvarðanir um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Nesjavallavirkjun, breytt afmörkun borsvæða og niðurrennslisvæðis, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

**Framleiðsluaukning Alcoa Fjarðaáls í allt að 360.000 tonn á ári, Fjarðabyggð.**

**Efnistaka vegna Árnesvegar milli Þjórsárdalsvegar og Landvegar, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra.**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**
Ákvarðanir Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **2. október 2009.**

**Skipulagsstofnun**

**SÁLFRÆÐINGUR**

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar óskar eftir að ráða sálfræðing í 25% starf.

Starfið felst í greiningu, ráðgjöf, meðferð og fræðslu til barna og fjölskyldna þeirra sem og ráðgjöf til starfsfólks í leik- og grunnskólum
Krafist er réttinda til að starfa sem sálfræðingur á Íslandi og lipurðar í mannlegum samskiptum.
Reynsla á sviði skólasálfræði og félagsþjónustu er æskileg.

Laun skv. kjarasamningum Sálfræðingafélags Íslands og Launanefndar sveitarfélaga . Staðan er laus frá og með 1. október 2009. Upplýsingar veita Gylfi Jón Gylfason yfirsálfræðingur og Eiríkur Hermannsson fræðslustjóri í síma 421 6700.

**Umsóknarfrestur er til 11. september. Umsóknir berist til starfsmannaþjónustu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ.**

**Einnig er bent á rafrænar umsóknir á reykjanesbaer.is og mittreykjanes.is.**

Starfsþróunarstjóri.

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is




# Greining á íslenskum sagnakonum

NOKKUR ORÐ
Sara McMahon

Það má endalaust deila um femínisma, en sannleikurinn er sá að hlutskipti kynjanna hefur löngum verið æði ójafnt. Vestrænar konur þurftu lengi að berjast fyrir því sem í dag telst til sjálfsagðra mannréttinda, og er menntun þar á meðal.




Hér áður fyrr skemmtu konur hver annarri og öðrum með munnmælum og þjóðsögum því fæstar voru þær læsar eða skrifandi. Konurnar voru misgóðir sagnamenn, eins og gengur og gerist, og náði hróður góðrar sagnakonu langt út fyrir hennar sveit.

Vinkonuhópur minn heldur í hverjum mánuði mikið matarboð þar sem setið er að spjalli yfir drekkhlöðnu borði fram eftir öllu. Auk þess að geta belgt mig út af ljúffengum réttum finnst mér alltaf jafn gaman að hlusta á sögur vinkvenna minna. Af nógu er að taka og umræðuefnin virðast vera óþrjótandi uppspretta nýrra sagna. Það skemmtilega við þetta er að hlusta á og greina ólík stílbrigði vinkvennanna við sögusagnirnar. Ég tek eftir orðavali þeirra og frásagnarmáta, leikrænni tjáningu og hversu mikið þær nýta sér slettur úr erlendum málum. Allt þetta gerir þær allar að stórkostlegum sagnamönnum. Ein þeirra virðist til að mynda hafa sérstakt dálæti á gróusögum og klúrum gamansögum. Hún nýtir sér mikið leikræna tilburði til að ná fram tilætluðum viðbrögðum og sögur hennar enda oftast með hlátrasköllum okkar hinna. Önnur tekur tíma til að orða hlutina sem best og er vel máli farin, sögulokin eru oft óvænt, hnyttin og beinskeytt. Sagnaarfur kvenna lifir enn, en nú ekki í formi þjóðsagna og ævintýra heldur í formi reynslu- og flökkusagna sem vinkonurnar krydda hver með sínu nefi.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## > Haukar nær efstu deild

Haukar tóku risastórt skref í átt að því að vinna sér sæti í Pepsi-deild karla í knattspyrnu með 2-0 sigri á HK í toppslag 1. deildarinnar í gær. Garðar Ingvi Geirsson var hetja Haukamanna í gær en hann skoraði bæði mörk liðsins, það fyrra á 72. mínútu og hitt ellefu mínútum síðar. Haukar hafa nú þriggja stiga forystu á HK þegar hvort lið á tvo leiki eftir. Selfyssingar eru á toppi deildarinnar með þriggja stiga forystu á Hauka og eiga þar að auki leik til góða. Þeir þurfa aðeins eitt stig til viðbótar til að tryggja sér sæti í efstu deild.



**sport**
sport@frettabladid.is

**PEPSI-DEILD KARLA:** FYLKIR FÓR LANGT MEÐ AÐ TRYGGJA SÉR ÞRIÐJA SÆTIÐ Í GÆR

# *Fylkir sótti þrjú baráttustig til Grindavíkur*

Fylkir sótti þrjú góð stig til Grindavíkur í gær þegar liðið lagði heimamenn, 3-2, í miklum baráttuleik.

Fylkismenn léku undan stífum norðanvindi í fyrri hálfleik og voru mun fljótari að ná tökum á leiknum en engu að síður skoraði Grindavík fyrsta markið. Fylkir jafnaði skömmu seinna og þar við sat í hálfleik en fyrri hálfleikur var ekki mikið fyrir augað.

Seinni hálfleikur var mun fjörugri og skemmtilegri og mikið um fín tilþrif. Fylkir skoraði eftir tæplega tveggja mínútna leik en Grindavík náði fljótt að jafna metin.

Fylkir tryggði sér sigurinn með marki úr vítaspyrnu á 66. mínútu og fór þar með langt með að tryggja sér þriðja sæti deildarinnar hið minnsta en liðið á nú átta stig á Fram þegar níu stig eru í pottinum.

„Við verðum að halda haus og vera einbeittir á meðan þetta er ekki enn öruggt. Það eru níu stig í pottinum, KR er á undan okkur og við gerum allt sem við getum til að komast eins hátt og við getum," sagði Ólafur Þórðarson, þjálfari Fylkis, eftir leikinn.

Orri Freyr Hjaltalín, fyrirliði Grindavíkur, skoraði í sínum öðrum leik í röð en hann var vægast sagt ósáttur í leikslok.



„Við vorum ekki tilbúnir í byrjun, það vantaði baráttu í okkur. Dómarinn hafði enginn tök á þessum leik og leyfði þeim að komast upp með allt allt of mikið. Þegar við fórum að mæta þeim af krafti fannst mér við hafa góð tök á leiknum."

„Allir leikmenn í okkar liði hafa lesið reglurnar og kunna reglurnar. Það var einn maður á vellinum sem kunni ekki reglurnar," sagði Orri og átti við Einar Örn Daníelsson dómara leiksins.

„Ég er skelfilega óánægður með dómarann. Þetta var til skammar. Þeir fá að komast upp með ljótar tæklingar út um allan völl og svo kemur fyrsta spjaldið fyrir mótmæli á okkar leikmann sem var alveg út í hött," sagði Orri að lokum en Ólafur Þórðarson gaf lítið fyrir þessa skoðun Orra.

„Ég varð ekki var við harðar tæklingar, Orri þarf bara að massa sig upp, þú mátt skila því til hans," sagði brosandi Ólafur eftir leikinn. **- gmi**

# Þróttarar halda enn í veika von

**Þróttur og FH skildu í gær jöfn í markalausum leik. Von Þróttara enn um að halda sæti sínu í efstu deild veiktist enn. Meiri spenna er í toppbaráttunni.**

**FÓTBOLTI** Þróttur og FH gerðu í gær markalaust jafntefli á Valbjarnarvelli. Fyrir vikið eru Þróttarar nú níu stigum frá öruggu sæti í deildinni þegar níu stig eru eftir í pottinum og liðið þar að auki með veikara markahlutfall en andstæðingar þeirra í fallbaráttunni.

Það er því allt útlit fyrir að Þróttarar falli en Þorsteinn Halldórsson, þjálfari liðsins, segir liðið munu berjast áfram. „Á meðan það er von þá gefumst við ekki upp," segir Þorsteinn. „En þetta er vissulega erfitt."

FH er nú með fimm stiga forystu á KR á toppi deildarinnar og því meiri spenna í toppbaráttunni nú en oft áður í sumar. Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, sagði titilbaráttuna enn í þeirra höndum.

„Nú höfum við tvær vikur til að undirbúa okkur fyrir lokaátökin," segir Heimir en mikið hefur verið um meiðsli í herbúðum FH-inga undanfarnar vikur. Hann sagði það skýra ýmislegt en væri ekki afsökun.

„Eðlilega hefur það sitt að segja þegar fimm til átta leikmenn hafa verið meiddir síðan um miðjan júlí. Það er þó engin afsökun og við erum enn með góða forystu í mótinu. Við þurfum bara að klára þetta enda er það þannig í fótbolta að enginn annar klárar þetta fyrir þig."

Hann sagði erfitt að spila á móti liði sem legði jafn ríka áherslu á varnarleikinn og Þróttur gerði. „Þeir pökkuðu í vörn og okkur gekk illa að brjóta þá á bak aftur. Það vantaði hraða í okkar leik. Við vorum að taka of margar snertingar og spilið gekk ekki nægilega hratt fyrir sig. Við fengum þó færi í seinni hálfleik og var þetta bara spurning um að koma inn einu marki – þá hefðum við klárað þetta."

FH-ingar voru lengst af sterkari í leiknum og fengu fleiri færi til að koma sér á blað. En Þróttarar voru fastir fyrir í vörninni og Henryk Boedker átti góðan leik í markinu.



**BARÁTTA** Jón Ragnar Jónsson, Þróttari og fyrrum FH-ingur, og Alexander Söderlund hlaupa á eftir boltanum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Á síðustu tíu mínútunum fóru Þróttarar þó að hætta sér framar á völlinn og uppskáru tvö hættuleg færi. Í bæði skiptin átti Þórður Steinar Hreiðarsson skot að marki. Það fyrra hafnaði í stönginni og Daði Lárusson varði það síðara. FH-ingar reyndu líka að sækja að marki heimamanna undir lokin en allt kom fyrir ekki.

„Jú, auðvitað hefðum við viljað skora," sagði Þorsteinn. „En við vorum ekki nægilega duglegir að fylgja þessum færum eftir. Það hefðum við getað gert betur. En menn lögðu sig fram í dag. Þeir höfðu mikinn vilja og það var margt jákvætt í okkar leik. Við vorum að spila á móti besta liði á Íslandi og eftir fyrstu tíu mínúturnar fannst mér við ekki í teljandi vandræðum með þá."

**eirikur@frettabladid.is**

Eiður Smári Guðjohnsen gerði tveggja ára samning við AS Monaco í gær:

# Fær loksins að vera númer níu

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen gekk í gærkvöldi til liðs við AS Monaco sem leikur í frönsku úrvalsdeildinni. Hann gekkst undir læknisskoðun í gær og skrifaði svo undir samninginn um kvöldmatarleytið en lokað var á félagaskipti í Evrópu á miðnætti í gær.

Barcelona, hans gamla félag, staðfesti í gærkvöldi að Monaco mun greiða allt að tvær milljónir punda, rúmar 400 milljónir króna, fyrir Eið Smára en að hluta til væru það árangurstengdar greiðslur.

Eiður Smári mun klæðast treyju númer níu hjá félaginu, sama númeri og hann hefur notað í íslenska landsliðinu á sínum ferli. Hann var hins vegar númer 7 hjá Barcelona og 22 hjá Chelsea.

Eiður Smári lék alls 100 leiki með Barcelona en undir það síðasta voru tækifærin af skornum skammti. Það kom því fáum á óvart að Eiður skyldi söðla um en hann er 31 árs gamall.

Ferill Eiðs Smára hjá Barcelona var glæsilegur. Hann varð Evrópumeistari með liðinu í vor sem og spænskur deilda- og bikarmeistari. Tvívegis varð hann meistari meistaranna með félaginu á Spáni og einu sinni í Evrópu.

Hann varð þar að auki enskur meistari í tvígang með Chelsea á sínum tíma og hefur því unnið flestallt sem hann hefur getað með sínum félögum en leitar nú nýrra áskorana á nýjum vettvangi í Frakklandi.

AS Monaco komst í úrslitaleik Meistaradeildarinnar árið 2004 þar sem liðið tapaði fyrir Porto, 3-0. Síðan þá hefur mikið gengið á. Félagið hefur verið með sex knattspyrnustjóra á sínum snærum á undanförnum fjórum árum og liðið varð í ellefta sæti frönsku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili.

Núverandi stjóri liðsins er Guy Lacombe sem áður stýrði liði Rennes. **- esá**



**EIÐUR SMÁRI** Hér í búningi AS Monaco eftir að hann skrifaði undir í gær.
MYND/WWW.ASM-FC.COM


2 fyrir 1 til

Costa del Sol

5. september

frá kr. 29.990




Heimsferðir bjóða nú einstakt tilboð á síðustu flugsætunum til Costa del Sol 5. september í 10 nætur. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Við bjóðum þér fjölbreytta gistingu, m.a. góð íbúðahótel meðan á dvölinni stendur. Þú nýtur þjónustu fararstjóra Heimsferða allan tímann.

*Ath. aðeins örfá sæti og íbúðir á þessum kjörum!*





Verð frá kr. **29.990**

Flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 5. september í 10 nætur. Netverð á mann. Takmarkaður fjöldi sæta á þessu verði - verð getur hækkað án fyrirvara.
Gisting frá kr. 3.700 m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð á "stökktu tilboði". Netverð á mann pr. nótt.
Aukalega m.v. 2-4 í stúdíó / íbúð á Timor Sol eða Aguamarina kr. 900 (á mann pr. nótt). Aukalega m.v. 2-4 í íbúð á Principito Sol kr. 1.800 (á mann pr. nótt). Takmarkaður fjöldi íbúða á þessu verði - verð getur hækkað án fyrirvara.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


Breiðablik sótti stigin þrjú á Stjörnuvelli:

# Blikar á siglingu

**FÓTBOLTI** Breiðablik hélt uppteknum hætti í Pepsi-deild karla með 1-3 sigri gegn Stjörnunni á Stjörnuvelli í gærkvöld. Blikar hafa nú rakað saman þréttán stigum úr fimm síðustu leikjum sínum og ætla greinilega að læra af síðasta sumri þegar þeir hrundu niður stigatöfluna á lokaprettinum.

„Strákarnir hafa verið að vinna mjög vel í allt sumar og ég er hæstánægður með stigin þrjú á þessum erfiða útivelli," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika, í leikslok.

Blikar fóru langt með að gera út um leikinn á átta mínútna kafla í lok fyrri hálfleiks þegar þeir skoruðu þrjú mörk. Kári Ársælsson kom Blikum á bragðið og Alfreð Finnbogason skoraði svo tvö mörk. Tryggvi Sveinn Bjarnason klóraði í bakkann fyrir Stjörnuna með marki þegar stundarfjórðungur lifði leiks en lengra komust heimamenn ekki þrátt fyrir nokkur ágæt færi og 1-3 sigur Blika var niðurstaðan. **- óþ**

VIFTUR • HÁTALARAR • MP3 SPILARAR • GEISLADISKAR • VEFMYNDA
FRÁBÆRT ÚRVAL!!! HARÐIR DISKAR • TURNKASSAR
MINNI • HÝSINGAR • HLJÓÐNEMAR • MARG
SKANNAR • HEYRNATÓL • AUKAHLUT
HÁTALARAR • MP3 SPILARAR
TURNKASSAR

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR




29.990

acer **Acer V223WBD LCD**
22" LCD breiðtjaldsskjár, 1680x1050 punkta upplausn, 2500:1 skerpu og 5ms svartíma. Svartur.



msi **SKJÁKORT**
**MSI GeForce N250GTS-2D512-OC**
512MB skjákort. 2200MHz GDDR3 minni, 738MHz kjarni. HDMI, 2 DVI Out, DUAL Link DVI, VIVO ofl.

23.990



124.990

**TOSHIBA FARTÖLVA**
**Toshiba Satellite Pro A300-1EA**
2.26GHz Intel Core 2 Duo P8400 örgjörvi • 2GB DDR2 800MHz minni • 160GB SATA diskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA skjár • Intel GMA X4500 skjákort • Þráðlaust 54Mbps 802.11a/b/g og Bluetooth 2.0 netkort • Windows Vista Business ásamt XP Pro



79.990

**TOSHIBA FARTÖLVA**
**Toshiba L300-25L**
2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR2 800MHz minni • 120GB SATA diskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA skjár • Intel GMA X4500 skjákort • Windows Vista Home Basic



WD **1 TB**
**HARÐDISK FLAKKARI**
**WD Elements 1 Terabyte**
1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0.

17.990

## FRÁBÆRT ÚRVAL

**MÓÐURBORÐ** - VERÐ FRÁ 2.990
**NETBÚNAÐUR** - ALLT AÐ 75% AFSL.
**HEYRNATÓL** - ALLT AÐ 70% AFSL.
**DVD SKRIFARAR** - VERÐ FRÁ 2.990
**FARTÖLVUTÖSKUR** - ALLT AÐ 70% AFSL. - FRÁ 1.990
**TURNKASSAR** - ALLT AÐ 40% AFSL.
**MÚSAMOTTUR** - VERÐ FRÁ 190

**NÚ ER ÓTRÚLEG ÚTSALA Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM Í TÖLVULISTANUM**
HÉR ER AÐEINS BROT AF ÚRVALINU – TAKMARKAÐ MAGN!
**ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!**

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

### VERÐDÆMI

**ACER ASPIRE** 5738Z-424G32MN **FARTÖLVA - 109.990**
**TOSHIBA PORTÉGÉ** M800-11D **13.3" FARTÖLVA - 139.990**
**23.6" ACER** V243HQBD 5MS TFT **LCD SKJÁR - 43.990**
**ICY BOX** MP3010HW **ÞRÁÐLAUS TV FLAKKARI** MEÐ UPPTÖKU **- 31.990**
**19" ACER** P194W 5MS CB **LCD SKJÁR** SVARTUR **- 26.990**
**LOGITECH** MEDIA 600 **LYKLABORÐ** MEÐ ÍSLENSKUM STÖFUM **- 3.990**
**CORSAIR 4GB** USB2 **MINNISLYKILL** MINI **- 3.990**
**SPEED LINK** SILVER LIGHTNING **STÝRI - 3.490**
**LOGITECH** DIALOG 320 DESKTOP **HLJÓÐNEMI - 1.290**
**512MB** DDR2 667MHZ **FARTÖLVUMINNI - 590**

**TÖLVULISTINN**

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17 S: 414 1700
STRANDGÖTU 9 S: 414 1730
MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735
HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740
AUSTURVEGI 34 S: 414 1745
REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| UPP 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 - 5.50 (850) | L |
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 5 - 8 - 10.30 | 16 |
| INGLORIOUS BASTERDS LÚXUS | kl. 5 - 8 | 16 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| G.I. JOE | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 8 | 16 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 | 16 |
| THE TIME TRAVELER'S WIFE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| STELPURNAR OKKAR | kl. 6 - 8 | L |
| G.I. JOE | kl. 10 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 | 16 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 8 - 10 | 16 |
| G.I. JOE | kl. 6 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 500 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| THE GOODS LIVE HARD SELL HARD | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| THE TIME TRAVELER'S WIFE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 5.50 - 8 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 10.10 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 7 og 10(POWER) | 16 |
| THE GOODS | kl. 6, 8 og 10 | 12 |
| THE TAKING OF PELHAM 123 | kl. 8 og 10.10 | 16 |
| G.I.JOE: THE RISE OF COBRA | kl. 5.45 | 12 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 500

GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 5:30 - 8:30 - 10:10 | 16 |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 10:10 | VIP |
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 8(3D) | L |
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | VIP |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| DRAG ME TO HELL | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| G-FORCE M/ ísl. Tali | kl. 3:30 - 5:50 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5 | 10 |
| THE HANGOVER | kl. 3:40 | 12 |

SKRÁÐU ÞIG Í FRÍÐINDAKLÚBB SAMBÍÓANNA Á HTTP://FACEBOOK.SAMBIOIN.IS

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 6(3D) - 8:10(3D) - 10:20(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| DRAG ME TO HELL | kl. 8:20 - 10:30 | 16 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 10:10 | 16 |
| G-FORCE M/ ísl. Tali | kl. 4(3D) | L |
| THE PROPOSAL | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 5:40 | L |
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 8 - 10:20 | L |
| G-FORCE M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 8 | L |
| DRAG ME TO HELL | kl. 10:20 | 16 |


# Ný útgáfa með Nirvana

**Tónleikar Nirvana á Reading-hátíðinni árið 1992 verða gefnir út á geisla- og mynddiski 3. nóvember næstkomandi. Tónleikarnir, þar sem söngvarinn Kurt Cobain mætti á sviðið í hjólastól, eru frægir vegna frábærrar frammistöðu sveitarinnar. Fyrsta opinbera og endurhljóðblandaða útgáfan af tónleikum verður nú loksins gefin út en hingað til hefur óopinber útgáfa verið fáanleg. Alls verða 25 lög á þessari nýju útgáfu, þar á meðal Breed, Lithium, Smells Like Teen Spirit og About a Girl.**



**NIRVANA** Sögufrægir tónleikar Nirvana frá Reading-hátíðinni í Englandi verða gefnir út opinberlega á næstunni.

# Fjölgar í Réttunum

Hópur íslenskra flytjenda hefur bæst við tónleikaseríuna Réttir sem verður haldin í Reykjavík dagana 23. til 26. september. Ólafur Arnalds, Ólöf Arnalds, Dr. Spock, Megas og Senuþjófarnir og Ensími hafa öll bæst í hópinn, auk þess sem meðlimir múm ætla að kynna eitt tónleikakvöld og spila sem plötusnúðar. Áður höfðu boðað komu sína á hátíðina listamenn á borð við Mugison, Hjálma, Hjaltalín, FM Belfast, Dikta og Agent Fresco.

Miðasala á Réttir hefst í dag á Midi.is og í verslunum Skífunnar. Hægt er að kaupa einn miða sem gildir á alla tónleikana og kostar hann 3.500 krónur.

# Barátta Oasis-bræðranna

**Allt frá stofnun Oasis árið 1991 hafa bræðurnir Noel og Liam Gallagher rifist eins og hundur og köttur. Núna er mælirinn loksins fullur hjá Noel, sem er hættur í sveitinni. Fréttablaðið rifjar upp helstu slagsmálin.**

Hingað til hafa bræðurnir alltaf náð sáttum eftir rifrildi sín en ekki í þetta skiptið. Ef litið er á það sem gengið hefur á hjá þeim undanfarin átján ár skal engan undra að Noel hafi loksins fengið nóg. Við brotthvarf Noels velta menn nú fyrir sér hvort sveitin muni halda áfram án aðallagahöfundar síns og gítarleikara. Ólíklegt er talið að Liam og félagar fái að starfa áfram undir Oasis-nafninu. Engu að síður mega þeir spila Oasis-lög á tónleikum en þurfa þó að greiða til þess stefgjöld sem myndu að mestu renna til Noels.

**Bræður munu berjast:**

**Apríl 1994:** Liam og Noel rífast í viðtali við NME. Upptaka með viðtalinu er gefin út ári síðan á smáskífu undir nafninu Wibbling Rivalry.

**September 1994:** Fyrsta platan, Definitely Maybe, fer beint í efsta sætið í Bretlandi. Liam lemur Noel á sviði í Bandaríkjunum.



**NOEL GALLAGHER** Noel er hættur í Oasis vegna ósættis við bróður sinn Liam.



**LIAM GALLAGHER** Heldur Liam áfram að syngja með Oasis án bróður síns?

NORDICPHOTOS/GETTY

**September 1996:** Liam hættir við tónleikaferð til Bandaríkjanna kortéri áður en flugvélin á að fara á loft. Tónleikaferðin hefst án Liams, sem flýgur síðan út til félaga sinna. Tveimur vikum síðar aflýsir Noel tónleikaferðinni eftir rifrildi við Liam.

**Maí 2000:** Noel yfirgefur tónleikaferð Oasis um heiminn vegna ósættis við Liam. Hann segist ekki lengur geta verið í sama herbergi og bróðir sinn. Hljómsveitin heldur áfram að spila án hans.

**Desember 2002:** Tónleikaferð er frestað eftir að átök á næturklúbbi í München leiða til handtöku Liams.

**Mars 2009:** Noel viðurkennir í viðtali við tímaritið Q að honum sé illa við Liam.

**Júlí 2009:** Noel segist ekki ætla að hefja sólóferil þrátt fyrir orðróm þess efnis.

**Ágúst 2009:** Liam segir í viðtali við NME að þeir bræður talist varla við. Þeir ferðist ekki saman og hittist aðeins á sviðinu.

**Ágúst 2009:** Liam hættir við að koma fram á V-hátíðinni á Englandi vegna barkabólgu.

**Ágúst 2009:** Noel hættir í Oasis nokkrum mínútum áður en hann á að stíga á svið í París. Hann segist ekki geta starfað degi lengur með Liam. Drykkju Liams er kennt um.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 01. september 2009**

### → Tónleikar



**21.00 Lára Rúnarsdóttir** heldur tónleika í Batteríinu við Hafnarstræti. Söngkonan Björt sér um upphitun. **Aðgangur er ókeypis.**

### → Sýningar

Í Menningarmiðstöðinni **Gerðubergi** við Gerðuberg 3-5, hefur Ólöf Erla Einarsdóttir opnað ævintýralega ljósmyndasýningu sem hún nefnir **„Sögur án orða"**. Þar stendur einnig yfir sýning Halldórs Baldurssonar skopmyndateiknara.

Þóra Sigurþórsdóttir leirlistakona og Harpa Örvarsdóttir listmálari hafa opnað samsýningu í **Gallerí Hvirfli** í Mosfellsdal. Opið alla daga kl. 14-18.

Í Listasafni ASÍ við Freyjugötu 41 hefur verið opnuð sýning á verkum Valgerðar Hauksdóttur. **Opið alla daga nema mánudaga kl. 13-17.**

### → Síðustu Forvöð

Í **Galleríi Ófeigs** við Skólavörðustíg 5, stendur yfir samsýning fjögurra glerlistakvenna. Helle Viftrup Kristiansen, Susanne Aaes, Ólöf Sigríður Davíðsdóttir og Dagný Þrastardóttir. Sýningu lýkur á miðvikudag. Opið virka daga kl. 10-18. og lau. kl. 11-16.

### → Kvikmyndir

**20.00** Kvikmyndasafn Íslands sýnir kvikmynd leikstjórans Bernardo Bertolucci, **„Strategia del ragno"** í Bæjarbíói við Strandgötu 6 í Hafnarfirði.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



**RAGNAR BRAGASON** Ragnar, Hilmar og Friðrik Þór bjóða fólki heim til sín í vídeókvöld mánudaginn 21. september.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Leikstjórar bjóða fólki í heimavídeó

Leikstjórarnir Friðrik Þór Friðriksson, Hilmar Oddsson og Ragnar Bragason ætla að bjóða áhugafólki um kvikmyndir heim til sín í vídeókvöld mánudaginn 21. september í tilefni af Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík.

„Mér finnst þetta mjög skemmtileg hugmynd," segir Ragnar og óttast ekkert að fá ókunnugt fólk heim til sín í vídeó. „Það er bara forvitnilegt að eiga skemmtilega kvöldstund með ókunnugu fólki." Ekki komast þó margir fyrir heima hjá Ragnari því hann býr í lítilli kjallaraíbúð. „Það komast í mesta lagi tíu manns. Þetta verður lítið og notalegt."

Ragnar er ekki búinn að ákveða hvaða mynd hann ætlar að sýna. „Það verður eitthvað mjög óvænt og skemmtilegt, ég get lofað því." Sjálfur segist hann vera alæta á kvikmyndir og því getur fólk á von á hverju sem er.

Hægt er að kaupa miða á skrifstofu Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík og gegnum síma 411 7015. Sýningarnar hefjast stundvíslega kl. 20 á heimilum leikstjóranna. Eins og gefur að skilja er takmarkaður fjöldi miða í boði. - fb

# Púðurlaust stórskotalið hjá Mann



**KVIKMYNDIR**

**Public Enemies**

Leikstjóri: Michael Mann. Aðalhlutverk: Johnny Depp, Christian Bale, Marion Cotillard, Billy Crudup, Stephen Dorff, Giovanni Ribisi o.fl.

★★

Sannkallað stórskotalið nær ekki að gera myndina að því meistaraverki sem hún hefði getað orðið.

Árið 1933 reið glæpaalda yfir götur Chicago. J. Edgar Hoover, stjórnandi bandarísku Alríkislögreglunnar, stofnaði sérstaka deild sem sérhæfði sig í að stöðva bankaræningjann John Dillinger. Hoover fól alríkislögreglumanninum Melvin Purvis það verk að leiða þessa sérstöku deild, og innan skamms var hann kominn fast á hæla Dillingers.

Það fer ekkert á milli mála að það er sannkallaður Óskarsbragur yfir Public Enemies með leikstjórann Michael Mann við stjórnvölinn og Johnny Depp í hlutverki Dillingers. En svo bregðast krosstré sem önnur tré. Mann hefur fyrir löngu sannað sig sem sterkur og öruggur leikstjóri. Kvikmyndir á borð við Síðasta móhíkanann, Heat og The Insider eru meðal hans bestu mynda. Honum tekst að ná því besta fram úr aðalleikurum sínum eins og sést í fyrrnefndum myndum, og á það áfram við hérna. Mann hefur þróað nýjan stíl sem hefur verið styrkur hans í síðustu myndum, Miami Vice og Collateral, sem fór þeim vel en passar alls ekki við tímabilsmynd á borð við þessa.

Handritið er óhnitmiðað, stiklað er á stóru og jafnvel hoppað yfir nokkur atriði, þá sérstaklega ástarsamband Dillingers við Billie Frechette. Sambandið þróast aldrei almennilega og þess vegna verður enginn grundvöllur fyrir því. Samtöl þeirra eru auk þess ótrúverðug og þvinguð. Enginn fókus virðist vera á hvort það eigi að fjalla um Dillinger, ástarsamband hans eða hvers konar áhrif Dillinger hafði á bandaríska sögu. Í lok myndarinnar er farið í eftirmála um hvað varð um Frechette og þá sem tóku þátt í fyrirsátinni gegn Dillinger, en ekkert fjallað um hvað varð um Purvis eða deildina sem hann rak eða hvernig Dillinger hafði áhrif á þróun bandarísku Alríkislögreglunnar.

Myndatakan er einhver sú versta sem ég hef séð í kvikmynd í langan tíma. Það er hvergi stuðst við kyrran flöt og ramminn er á fleygiferð alla myndina. Stórfurðulegt að fara þessa nýstárlegu leið í mynd á borð við þessa. Búningar og sviðsmynd eru í anda tímabils myndarinnar, þá er tekin sú ákvörðun að hafa myndatökuna alla í nærmynd og hvergi rými til þess að njóta atriðanna.

Það verður ekki frá Depp tekið að hann lifir sig svo sannarlega inn í hlutverk Dillingers og gerir það að sínu eigin. Þrátt fyrir að vera „óvinur almennings“ hafði Dillinger vissan sjarma yfir sér sem almenningi líkaði, og nær Depp honum vel. Að vera viðkunnanlegur glæpon er ekki sjálfgefið. Með hverri mynd Christians Bale sést betur og betur að það á ekki við hann að leika þung dramatísk hlutverk, og sést það best þegar hann er kominn meðal leikara á borð við Depp og Billy Crudup, sem hann deilir atriði með. Crudup er alveg dúndurgóður sem Hoover þótt hann eigi ekki margar senur í myndinni.

Þrátt fyrir slíka þungavigtarleikara og -leikstjóra er Public Enemies langt frá því að standa undir væntingum. Góð frammistaða Depps nær ekki að halda myndinni gangandi, handritið er ekki gott og myndatakan úr takti við alla myndina. Það er á hreinu að myndin er langt í frá að vera það meistaraverk sem hún hefði getað orðið. **Vignir Jón Vignisson**







## > David Walliams

„Það er engin samkeppni á milli okkar Matts og hefur aldrei verið. Samstarfið hefur verið lykillinn að velgengninni og án þess hefðum við aldrei náð svona langt.“

***Walliams bregður sér ásamt félaga sínum Matt Lucas í hlutverk alls kyns furðufugla í þættinum Little Britain sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld kl. 21.40.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR NEITAR ENNÞÁ AÐ HALA NIÐUR**

## Biðin langa eftir að True Blood-blóðið flæði

Merkilegt hvernig sumir þættir slá í gegn á netinu en koma aldrei eða seint og um síðir í íslenskt sjónvarp. Nýlegasta dæmið væri True Blood. Höfundur American Beauty og Six Feet Under gerir þessa heillandi þáttaröð sem gerist í samfélagi þar sem vampírur hafa krafist réttinda á við aðrar manneskjur og drekka tilbúið blóð frá Japan, Tru Blood, í flöskum. Þættirnir teljast frekar grófir, í þeim er kynlíf og gróft ofbeldi. Vampírur hafa aldrei verið svona sexí áður, nei, ekki heldur í Twilight.

Ég er ekki mikið fyrir það að horfa á tölvuskjái og því hleð ég ekki niður efni. Ótrúlegt en satt. Ég hef engan áhuga á því að fylgjast með einhverju á netinu, ég vil eiga DVD-útgáfur af öllu sem ég hef gaman af. Þetta setur mig í smá klípu. Á ég að brjóta odd af oflæti mínu og hlaða niður eða finna þættina? Ég gæti horft á þá „streaming“. Eða á ég að bíða róleg eftir því að það sjónvarpsefni sem hefur vakið mestan áhuga minn seinustu ár, í raun síðan Six Feet Under kláraðist, komi út á DVD hér á landi á verði sem ég ræð við? Mér finnst ég dragast aftur úr vinum mínum og félögum á hverjum degi. Ég þrái meira blóð!



**SEXÍ VAMPÍRA** Þó að Robert Pattinson sé ágætlega útlítandi er hann engan veginn jafn freistandi og þættirnir True Blood.

Annars er nóg af vampírum alls staðar. Það er nú efni í góða ritgerð einhvers menningarfræðings hvers vegna vampírur fylla alla skjái þessa dagana. Hvað ætli það þýði? Ef Gojira var kjarnorkusprengjan, þá hlýtur það að merkja eitthvað magnað. Hvað sem það þýðir endar það örugglega með því að ég punga út fyrir fyrstu seríu og bíð svo og bíð eftir annarri, líkt og ég hef beðið róleg eftir Six Feet Under á viðunandi verði í áraraðir.

Einfaldast væri að sjálfsögðu að vonast til að sjónvarpið tæki þættina í spilun. En það er engin vissa í voninni. Það væri líka fýsilegt að leita uppi vampíru, láta bíta sig og lifa bara þættina. Já, eða flytja til Bandaríkjanna, panta góssið á Amazon og setja í galopinn spilarann. Eða bara láta sig hafa það að horfa á netinu, eins og allir aðrir.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **17.30 Ally McBeal** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00 Cocoon** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.30 ´Til Death** STÖÐ 2



▶ **20.30 Style Her Famous** SKJÁREINN



▶ **21.25 Fangi í framandi landi** SJÓNVARPIÐ

### SJÓNVARPIÐ

**14.45 EM kvenna í fótbolta** Upptaka frá leik Rússa og Ítala á Evrópumóti landsliða sem fram fer í Finnlandi.

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar** (58:65)

**17.52 Herramenn** (8:13)

**18.10 Íslenski boltinn** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Skólaklíkur** (Greek) (16:22) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörugt félagslíf þeirra í háskóla.

**20.55 Íslenska golfmótaröðin** Þáttaröð um Íslandsmótið í golfi.

▶**21.25 Fangi í framandi landi** (I fremmed fængsel) (2:2) Dönsk heimildarmynd í tveimur hlutum um Dani sem dúsa í fangelsum í Suður-Ameríku.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Uppljóstrarar** (The Whistleblowers) (5:6) Bresk spennuþáttaröð um lögfræðinga sem hjálpa fólki að fletta ofan af spillingu og glæpum.

**23.15 Í sálarháska** (Sea of Souls) (1:2) Bresk mynd í tveimur hlutum. Ung hjón sem verða fyrir miklum missi kaupa sér niðurnítt sveitasetur á afskekktum stað í Skotlandi. Fljótlega komast þau að því að húsið á sér skuggalega sögu. (e)

**00.20 Kastljós** (e)

**00.50 Dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**08.00 A Little Thing Called Murder**

**10.00 License to Wed**

**12.00 Roxanne**

**14.00 Buena Vista Social Club**

**16.00 A Little Thing Called Murder**

**18.00 License to Wed**

▶**20.00 Cocoon** Gamanmynd um ellilífeyrisþega í Flórída í Bandaríkjunum sem uppgötva leið til að viðhalda æskublómanum.

**22.00 Flags of Our Fathers**

**00.10 Into the Blue**

**02.00 The Big Nothing**

**04.00 Flags of Our Fathers**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Go Diego Go!, Maularinn og Íkornastrákurinn.

**08.10 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (16:25)

**10.00 Doctors** (17:25)

**10.30 In Treatment** (9:43)

**11.00 Hell's Kitchen**

**11.45 The Best Years** (1:13)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Newlywed, Nearly Dead** (9:13)

**13.25 Lake House**

**15.00 Sjáðu**

**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Tutenstein, Ben 10, Maularinn og Go Diego Go!

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (19:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (13:22) Hómer lendir í laglegri klípu og Lísa segir honum sögu af Burns, sem segir líka sögu af öðrum sem einnig segir sögu og svo koll af kolli.

**20.10 Two and a Half Men** (3:24) Gamaþáttur og bræðurna Charlie og Alan Harper.

▶**20.30 ´Til Death** (14:15) Gamanþættir um óþolandi nágranna sem gengur af göflunum þegar ungt og nýgift par flytur í næsta hús. En svo tekst með þeim ágætis vinskapur.

**20.55 Bones** (26:26)

**21.40 Little Britain** (5:6) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn með þeim félögunum Matt Lucas og David Walliams.

**22.10 Inside the Michael Jackson Mansion: Never Can Say Goodbye**

**22.55 The Sopranos** (31:39)

**23.55 Ástríður** (2:12)

**00.25 Medium** (2:19)

**01.10 John From Cincinnati** (2:10)

**02.00 Lake House**

**03.35 Amy's Orgasm**

**05.00 Little Britain** (5:6)

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

### 2 SPORT besta sætið

**07.00 Þróttur - FH** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**17.05 World Supercross GP** Að þessu sinni fór mótið fram í Toronto í Kanada.

**18.00 Barcelona - Sporting** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**19.40 Þróttur - FH** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**21.30 Meistaradeildin í golfi 2009** Skemmtiþáttur um golf. Fylgst með Meistaradeildinni í golfi, kylfingar teknir tali, golfkennsla skoðuð og einnig verða íslenskir golfvellir skoðaðir.

**22.00 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.

**22.55 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

**23.55 World Series of Poker 2008** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

**00.40 World Series of Poker 2008**

### 2 SPORT 2 enski boltinn

**15.10 Stoke - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.50 Chelsea - Burnley** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.30 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**19.00 Portsmouth - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**20.40 Aston Villa - Fulham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**22.20 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**23.15 Bolton - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**18.00 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.45 America's Funniest Home Videos** (20:48) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. (e)

**19.10 Family Guy** (13:18) Teiknimyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum. (e)

**19.35 Everybody Hates Chris** Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum. (e)

**20.00 According to Jim** (7:18) Bandarísk gamansería með Jim Belushi í aðalhlutverki.

▶**20.30 Style Her Famous** (18:20) Jay Manuel heimsækir venjulegar konur sem dreymir um að líta út eins og stjörnurnar í Hollywood. Að þessu sinni hjálpar hann stúlku sem er föst á níunda áratug síðustu aldar til að fá nútímalegra útlit og fyrirmyndin er Hilary Duff.

**21.00 Design Star** (6:9) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína.

**21.50 The Dead Zone** (12:13)

**22.40 The Dead Zone - Lokaþáttur**

**23.30 Penn & Teller: Bullshit** (50:59) Penn og Teller leita sannleikans. Takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.

**00.00 The Contender Muay Thai** (e)

**00.50 Home James** (9:10) (e)

**01.20 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Umræður um pólitík líðandi stundar.

**21.00 Græðlingur** Í umsjón Guðríðar Helgadóttur garðyrkjufræðings.

**21.30 Reykjavík – Egilsstaðir – Reykjavík** Seinni hluti. Opinber heimsókn ÍNN til höfuðstaðar Austurlands. Umsjón: Árni Árnason og Snorri Bjarnvin Jónsson.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





# BYLGJAN Í FYRSTA SÆTI

**BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI**

Hlustendur Bylgjunnar eru í eftirsóttasta markhópnum og stærsta neysluhópnum. Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægasta markhópsins.

Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í mínútum í aldurshópnum 18 – 49 ára, vika 33, 2009.

LÉTT BYLGJAN 967 GULL BYLGJAN 909 BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.55**

### Bones

Við kveðjum Brennan og Booth í bili í ótrúlegum lokaþætti í kvöld. Í síðasta þætti dró aldeilis til tíðinda þegar fram kom að rannsóknarlögreglumaðurinn Booth væri með heilaæxli. Í þessum lokaþætti finnst lík á vinsælum næturklúbbi og skilin milli draums og veruleika verða óskýr.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Dead Zone – Lokaþáttur

**SkjárEinn kl. 21.50**

SkjárEinn sýnir í kvöld síðustu tvo þættina af The Dead Zone. Þetta er bandarísk þáttaröð byggð á sögupersónum eftir Stephen King. Í þættinum í kvöld reynir Johnny að komast að því hver það var sem myrti Walt auk þess sem hann fær sýnir sem varpa nýju ljósi á föður hans og gömul leyndarmál koma upp á yfirborðið.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Óvissuferð - allir velkomnir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Í heyranda hljóði
**14.03** Í ljósi skáldsögunnar
**15.03** Útvarpssagan: Með hægð
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**21.20** Jazzhátíð á Rás 1
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Ehrengard
**23.00** Gatan mín
**23.35** Kvöldtónar
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** | XA-Radíó | **FM 90,9** | Gullbylgjan | **FM 93,5** | Rás 1 |
| **FM 95,7** | FM957 | **FM 96,3** | FM Suðurland | **FM 96,7** | Létt Bylgjan |
| **FM 97,7** | X-ið | **FM 98,9** | Bylgjan | **FM 99,4** | Útvarp Saga |
| **FM 90,1** | Rás 2 | **FM 102,2** | Útvarp Latibær | **FM 102,9** | Lindin |
| **FM 105,5** | Útvarp Boðun | | | | |

## EXTRA

**16.30 Doctors** (12:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr eigin flækjum í einkalífinu.

**17.00 Doctors** (13:25)

▶ **17.30 Ally McBeal** (16:21) Samstarfsfólk Billys kemst að því hvað hefur verið að trufla hann undanfarið og John Cage lendir í frekar flókinni aðstöðu.

**18.15 Seinfeld** (21:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.

**18.45 Doctors** (12:25)

**19.15 Doctors** (13:25)

**19.45 Ally McBeal** (16:21)

**20.30 Seinfeld** (21:22)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.20 Ísland í dag**

**21.45 Love You to Death** (8:13) Þættir úr smiðju Johns Waters þar sem sagðar eru dagsannar sögur af sakamálum sem tengjast hjónum og ástríðuglæpum.

**22.10 So You Think You Can Dance** (22:23) Nú er úrslitastundin að renna upp en þetta er síðasti séns fyrir keppendurna til að heilla áhorfendur. Hver mun standa uppi sem sigurvegari?

**23.35 So You Think You Can Dance** (23:23) Úrslitastundin er runnin upp og nú kemur í ljós hver verður næsta dansstjarna Bandaríkjanna.

**01.00 John From Cincinnati** (2:10)

**01.50 Sjáðu**

**02.20 Fréttir Stöðvar 2**

**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.15** Absolutely Fabulous **12.45** Only Fools and Horses **13.35** The Weakest Link **14.20** The Weakest Link **15.05** Only Fools and Horses **15.55** Only Fools and Horses **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Family **18.30** My Family **19.00** Blackadder Goes Forth **19.30** Blackadder Goes Forth **20.00** Spooks **20.50** My Family **21.20** My Family **21.50** EastEnders **22.20** The Weakest Link **23.05** Spooks **23.55** Blackadder Goes Forth **00.25** Blackadder Goes Forth **00.55**

## DR 1

**12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Fremtidens detektiver **14.30** Braceface **14.55** Den lyserøde panter **15.00** Ninja Turtles **15.20** Oggy og kakerlakkerne **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag **18.30** Nikolai 10 år **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **21.30** Truslen fra dybet **22.10** Dødens Detektiver

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Naboer **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** På fisketur med Bård og Lars **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Frosken og vennene **16.10** Molly Monster **16.15** Jack og Pedro **16.20** Milly, Molly **16.35** Leon **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i nærturen **17.55** Velg! 09 **18.50** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brennpunkt **20.20** Extra-trekning **20.30** Bokprogrammet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Intriger og begjær **22.10** 1929 - det store krakket **23.00** Uventet besøk **23.30** Kulturnytt

## SVT 1

**12.40** Kungsgatan **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Fader, sonen och hushållerskan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** På spåret - Oldsbergs favoriter **19.00** Höst och vinter **21.15** Kulturnyheterna **21.30** Livvakterna **22.30** På kabaret med Patricia Kaas **23.25** Sändningar från SVT24




## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér yfirleitt súrmjólk með banönum og kornflexi. Svo fæ ég mér góðan kaffibolla eftir á.“*

Snæbjörn Brynjarsson, leikskáld og leikstjóri.

# Baggalútur vill Rúnars-styttu

„Okkur langar ógeðslega mikið í hana. Við ætlum að kanna fjárhagsstöðuna og sjá hvað kemur út úr ársskýrslunni, hvort það sé einhver rekstrarafgangur,“ segir Bragi Valdimar Skúlason.

Grallararnir í Baggalúti hafa mikinn áhuga á að kaupa nýja styttu sem var gerð eftir tónlistargoðsögninni Rúnari Júlíussyni, sem lést á síðasta ári. Frétt um að styttan væri til sölu birtist í DV fyrir helgi og sagðist Kristinn Rúnar Hartmannsson hafa unnið að henni í sjö mánuði. Reykjanesbær ætlaði upphaflega að kaupa hana en hætti síðan við.



**BRAGI BAGGALÚTUR** Bragi og félagar í Baggalúti vilja kaupa styttuna en vita ekki hvort þeir hafa efni á henni.

Rúnar starfaði töluvert með Baggalúti og því kemur áhugi hópsins á styttunni ekki á óvart. „Það væri ekki ónýtt að hafa þetta í höfuðstöðvum Baggalúts en samningaviðræður eru ekki komnar í gang,“ segir Bragi. „Þegar svona tækifæri býðst hljótum við að skoða það enda var Rúnar stórkostlegur maður.“

Bragi telur að allt of lítið hafi verið búið til af styttum eftir þjóðþekktum einstaklingum á borð við Vigdísi Finnbogadóttur, Hólmfríði Karlsdóttur og Jón Pál Sigmarsson. Þess vegna ætla Baggalútsmenn að stökkva á Rúnars-styttuna, hafi þeir efni á henni. „Það er skandall að Reykjanesbær skuli ekki vera búinn að kaupa hana. Við munum leita allra leiða til að ná henni. Þegar við verðum komnir með Rúnar vantar okkur bara þrjá upp á til að vera komnir með alla Hljómana eða bara helminginn af GCD. Þetta er fjárfesting til framtíðar.“ **- fb**



**KRISTINN OG STYTTAN** Kristinn Rúnar Hartmannsson við styttuna af Rúnari Júlíussyni. VÍKURFRÉTTIR/HILMAR BRAGI



**LÁRÉTT**
**2.** samsull, **6.** hvað, **8.** gilding, **9.** skelfing, **11.** kusk, **12.** hvæsa, **14.** mæra, **16.** skóli, **17.** tilvist, **18.** loga, **20.** járnstein, **21.** brýna.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ofneysla, **3.** umhverfis, **4.** land í SA-Asíu, **5.** hlóðir, **7.** agnúi, **10.** nálægt, **13.** sunna, **15.** ávinna, **16.** stúlka, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gums, **6.** ha, **8.** mat, **9.** ógn, **11.** ló, **12.** fnæsa, **14.** hrósa, **16.** ma, **17.** líf, **18.** eld, **20.** al, **21.** ydda.
**LÓÐRÉTT: 1.** óhóf, **3.** um, **4.** malasía, **5.** stó, **7.** agnhald, **10.** nær, **13.** sól, **15.** afla, **16.** mey, **19.** dd.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 93 langreyðar og 71 hrefna.
2. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.
3. Friðrika Hjördís Geirsdóttir.




KATRÍN JAKOBSDÓTTIR: MUN VELJA Á MILLI SÝNINGA

# HART BARIST UM JÓLIN

Fjöldi íslenskra kvikmynda, sem annaðhvort eru í tökum eða eftirvinnslu, hefur sjaldan eða aldrei verið meiri. Hins vegar vekur það mestu athyglina að tvær íslenskar kvikmyndir verða frumsýndar sama dag, 26. desember eða annan í jólum.

Annars vegar er þetta Mamma Gógó eftir Friðrik Þór Friðriksson með Hilmi Snæ, Gunnari Eyjólfssyni og Kristbjörgu Kjeld í aðalhlutverkum og hins vegar Bjarnfreðarson. Sú mynd er byggð á sjónvarpsþáttunum vinsælu um þá Ólaf Ragnar, Georg og Daníel en Jón Gnarr, Ágústa Eva Erlendsdóttir, Pétur Jóhann og Jörundur Ragnarsson leika aðalhlutverkin. Til að flækja hlutina enn frekar er skemmst að minnast þess að tökulið Fangavaktarinnar með Ragnar fremstan í flokki lék lítið hlutverk í Mömmu Gógó eins og Fréttablaðið greindi frá fyrr í sumar.

Óskrifuð regla hefur verið innan íslenska kvikmyndabransans að íslenskar bíómyndir séu ekki frumsýndar sama dag. Ragnar Bragason, leikstjóri Bjarnfreðarsonar, gefur lítið fyrir þá reglu þótt hún sé nú brotin í fyrsta sinn. „Er þetta ekki bara það sem koma skal? Viljum við ekki líka bara sjá kvikmyndahúsin full af íslensku bíói, það hlýtur bara að styrkja sjálfsmynd þjóðarinnar,“ segir Ragnar. Laufey Sigurðardóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar, segir hins vegar að þetta sé ekki alveg eftir bókinni, betra hefði verið ef þær hefðu ekki verið frumsýndar á sama tíma. „Það er mín persónulega skoðun að þetta sé óheppilegt. Ég held hins vegar að fólk eigi eftir að fara á þær báðar,“ segir Laufey. Guðrún Edda Þórhannesdóttir, framleiðandi Mömmu Gógó, segir ekki koma til greina að breyta frumsýningardeginum, þau hafi stefnt að honum um nokkurt skeið. „Þær eru líka á vissan hátt ólíkar, Mamma Gógó og Bjarnfreðarson,“ segir Guðrún.



**ANNASAMUR DAGUR**
**Friðrik Þór Friðriksson** og **Ragnar Bragason** (f.miðju) frumsýna báðir nýjustu kvikmyndir sínar, Mömmu Gógó og Bjarnfreðarson, á annan í jólum. **Baltasar Kormákur** frumsýnir síðan Gerplu í Þjóðleikhúsinu þennan sama dag.

**ÍSLENSKT KVIKMYNDAÁR**

Hátíð í bæ eftir Hilmar Oddsson
A Good Heart eftir Dag Kára
RWWM eftir Júlíus Kemp
Mamma Gógó eftir Friðrik Þór Friðriksson
Bjarnfreðarson eftir Ragnar Bragason
Brim eftir Árna Ólaf Ásgeirsson
Jóhannes eftir Þorstein Gunnar Bjarnason
Laxdæla Lárusar Skjaldarsonar eftir Ólaf Jóhannesson
Sumarlandið eftir Grím Hákonarson
Kóngavegur 7 eftir Valdísi Óskarsdóttur
Algjör Sveppi eftir Braga Þór Hinriksson
Rokland eftir Martein Þórsson
Inhale eftir Baltasar Kormák
Þetta reddast eftir Börk Gunnarsson
Órói eftir Baldvin Z

(VERKEFNI SEM ERU Í VINNSLU EÐA TILBÚIN)

Rúsínan í pylsuendanum fyrir fína fólkið verður svo auðvitað frumsýning Þjóðleikhússins á Gerplu í leikstjórn Baltasars Kormáks þennan sama dag. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir að ef svo fer að allt sé á sama tíma þá muni hún velja á milli. „Ég hef alltaf vanið mig á að gefa mér tíma, ég horfi til að mynda bara alltaf á einn þátt í einu en flakka ekki á milli sjónvarpsstöðva. Það er eins með þetta. Hvað verður fyrir valinu verður síðan bara að koma í ljós.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Yfirleitt þykir það tíðindum sæta þegar ný útvarpsstöð fer í loftið á Íslandi. Hinn stórhuga umboðsmaður Íslands, Einar Bárðarson, hyggst hasla sér völl sem útvarpsstjóri en í morgun fór útvarpsstöðin Kaninn af stað. Einar verður með tvo senda á höfuðborgarsvæðinu og geta áhugasamir nálgast útsendingar á 91,9 og 103,9. Einar hefur verið duglegur á útvarpsmannamarkaðinum og náð til sín þungavigtarmönnum á borð við Tvíhöfða og **Gulla Helga**.



Þá mun **Jóhannes Kr. Kristjánsson** einnig setjast fyrir framan hljóðnemann en hann er þekktastur fyrir sjónvarpsþættina sína Kompás. Einar stóðst auðvitað sjálfur ekki freistinguna og ætlar að hita upp fyrir morgunhanann Gulla Helga milli klukkan sjö og níu. Einar bauð síðan öllum velunnurum stöðvarinnar til mikillar veislu í morgunsárið og bauð þar upp á beikon, egg og vöfflur að hætti Kanans.



**Unnur Birna Vilhjálmsdóttir** er á forsíðu nýjasta heftis Monitors. Unnur Birna leikur stórt hlutverk í kvikmyndinni Jóhannes, syngur þar eitt lag og fær að reyna sig á móti sínu gamla átrúnaðargoði, Ladda. Þetta upplýsir hún í viðtalinu. Þá kemur einnig fram að alheimsfegurðardrottningin fyrrverandi fái ennþá sent töluvert magn af bréfum, meðal annars frá karlmönnum sem óska eftir stefnumóti við hana og öðrum sem óska eftir aðstoð við bílakaup. **- fgg**




# Hellisbúi í lukkunærbuxum

„Ég er með lukkunærbuxur,“ viðurkennir Jóhannes Haukur Jóhannesson leikari. „Það byrjaði á Akureyri, þegar ég var að leika í Fló á skinni þar, en þá fékk ég svona Joe Boxer-nærbuxur með hjörtum á. Ég þurfti að vera í þeim í þeirri sýningu, því þær sáust, og var alltaf í þeim. Fló á skinni endaði í 144 sýningum. Það gekk vel, þannig að ég ákvað bara að slá til og vera í þeim líka í Hellisbúanum.“

Nærbuxurnar eru þó þvegnar á milli sýninga. „Þetta getur verið mikil vinna. Ég þarf að sirka það þannig út að þær fari í taukörfuna og verði tilbúnar á sýningardegi. Það er heilmikil athöfn í kringum þetta. Ég er náttúrlega bara rétt nýbyrjaður að forsýna Hellisbúann, þannig að ég á eftir að athuga hvort það gangi ekki að vera alltaf í þeim, en það er stefnan. Ég ætla að sjá hvort ég get ekki gert hefð úr þessu.“

Lukkufatnaður tíðkast í fótboltanum og öðru sporti. „Maður hefur heyrt að íþróttamenn séu með eitthvað svona. Mér finnst ég alveg jafn töff og hver íþróttamaður. Maður verður að hafa eitthvað svona.“

Jóhannes er ekki lengur á samningi við Borgarleikhúsið, en hann var þar seinasta vetur. „Ég var á árssamningi en er núna að fara í Hellisbúann og verð í Þjóðleikhúsinu líka, í Gerplu hjá Baltasar. Hver veit nema maður snúi svo aftur í Borgarleikhúsið. Leikarar eru oft að flakka svona á milli húsanna.“



**LUKKULEGUR** Jóhannes treystir á að gæfa nærbuxnanna úr Fló á skinni virki í Hellisbúanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hellisbúinn er frumsýndur á fimmtudaginn. Finnur Jóhannes fyrir spennu? „Já, það er ekki laust við það. Ég hef nokkuð góða tilfinningu fyrir þessu, við höfum verið með forsýningar fyrir fullum sal og það hefur gengið æðislega, þannig að ég hef enga ástæðu til að ætla annað, svo lengi sem ég næ að tolla í nærbuxunum.“ **- kbs**



PLAYSTATION 3
Ný PS3
LEIKURINN ER BARA BYRJUNIN
MINNI
LÉTTARI
STÆRRA
GEYMSLURÝMI
PS3 KERFIS UPPFÆRSLA 3.0
SONY
SELECT
START
Blu-ray Fjarstýring fylgir
spilar
Blu-ray Disc
MESTU MÖGULEGU MYND- OG HLJÓÐGÆÐI
120GB
HARÐUR DISKUR
LÆGRA VERÐ
64.999
Kynningar-tilboð í dag í BT
BT
Betri tímar í BT
BT Skeifan • BT Smáralind • BT Akureyri • www.bt.is • Sími 550 4444

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

KOJAK.IS
Einkaþjálfun / Fjarþjálfun - Personal training / Online training
kojakbarpas@hotmail.com / S: 694-6212
-you tried the rest now try the best-



**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar

## *Sjálfbærar nornaveiðar*

Upp er risinn áhrifamikill hópur í samfélaginu sem trúir einlæglega á tilvist norna og vill leggja blátt bann við veiðum á þeim. Þótt nornaverndunarsinnar hafi ýmislegt til síns máls aðhyllast aðrir ábyrga nýtingu í nornaveiðum og vilja koma á þær skikk. Fyrsta skrefið í þá átt er að setja regluramma um veiðarnar. (Þar sem eignaspjöll koma oft við sögu í nornaveiðum og tilvist norna er andlegt málefni er hyggilegast að umsjón og eftirlit veiðanna sé á ábyrgð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.)

**SKILGREINING.** Með norn er átt við hvern þann sem með orðum og/eða æði ber beina sök á óhóflegri efnahagsþenslu á Íslandi á liðnum áratug, sem endaði með bankahruni og kreppu.

**STOFNSTÆRÐ.** Af skrifum að dæma bera um þrjátíu til fjörutíu manns beina ábyrgð á efnahagslegum ógöngum okkar. Það gefur því auga leið að nornir eru takmörkuð auðlind og því þarf að stíga varlega til jarðar við veiðar á þeim. Höfuðsök norna á 21. öld er reyndar rányrkja og kannski eru það makleg málagjöld að þær verði einmitt henni að bráð. Líklegt er þó að ákveðið forvarnargildi sé í varðveislu norna og því rétt að ganga ekki of nærri stofninum.

**VEIÐARFÆRI.** Margt hefur breyst frá því nornir voru veiddar á nýöld og hefur tækninni fleygt fram. Í stað heykvísla, kyndla og ketiltaka höfum við blogg, blaðagreinar og innhringingar í Útvarp Sögu. Fyrir allra versta fordæðuskap enduðu nornir áður fyrr á bálkesti. Nú er eldrauðri málningu slett á eignir þeirra. Þetta er þó umdeild veiðiaðferð, þar sem mörgum þykir hún hafa neikvæð áhrif á vistkerfi norna.

**MARKMIÐ.** Segja má að tvö sjónarmið togist á í umræðunni um stjórnun nornaveiða. Annars vegar eru þjóðhagsleg markmið; að tilgangur nornaveiða sé fyrst og fremst að sjá til þess að hinir ábyrgu endurgreiði eftir fremsta megni þær búsifjar sem þeir hafi valdið og taki út refsingu ef svo ber undir. Þar kemur net réttarkerfisins eflaust að bestum notum, þótt deila megi um möskvastærð. Hins vegar eru félagsleg markmið, þar sem tilgangur veiðanna er fyrst og fremst sá að veita almenningi útrás fyrir gremju sína.

**HÉR** skal því haldið fram að beint orsakasamhengi sé á milli þessara tveggja markmiða. Ef þeim fyrri er fylgt eftir af samviskusemi uppfyllast þau síðari af sjálfu sér.



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er þriðjudagurinn 1. september 2009, 244. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.10 | 13.28 | 20.43 |
| Akureyri | 5.49 | 13.13 | 20.33 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




SPORTHÚSIÐ
heilsurækt fyrir alla

Dalsmára 9-11 | Kópavogi | Sími: 564 4050 | sporthusid@sporthusid.is